

Kristján Ágústsson
og aðrir starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands

Snjóflóðasaga Seyðisfjarðar

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Gagnaöflun	5
Staðhættir	6
Byggð við Seyðisfjörð	10
Veður og aðdragandi snjóflóða	10
Veðurfar	10
Aðdragandi snjóflóða	13
Skráning snjóflóða	13
Helstu hugtök	13
Skráning og flokkun flóða	14
Snjóflóðasagan	16
Farvegir flóða og yfirlit yfir flóð í þeim	17
Bjölfur ytri	17
Nautabás	18
Fornistekkur	19
Bjölfur innri	20
Liverpool	20
Kálfabotn	21
Fjörður	22
Bakkar	22
Bjölfstindur	23
Strandartindur	24
Fjarðarströnd	24
Botnar	26
Snjóflóð með óvissri staðsetningu	26
Snjóflóð í dreifbýli	26
Kort af útlínum snjóflóða	29
Skýringar við annál	31
Annáll snjóflóða á Seyðisfirði	32
Lokaorð	90

Heimildir	90
Heimildarmenn	91
Viðauki A: Númer flóða	92
Viðauki B: Yfirlit flóðadaga	93
Viðauki C: Athugasemdir um stórflóðið 1885	96
Viðauki D: Kortaskrá	98

Töfluskrá

1	Meðaltöl veðurþátta fyrir veðurstöðina á Dalatanga	11
2	Hámarksúrkoma á Seyðisfirði	11
3	Stærðarflokkar snjóflóða	17

Myndaskrá

1	Strandartindur. Helstu örnefni	6
2	Bjölfur. Helstu örnefni.	7
3	Seyðisfjörður. Helstu örnefni.	8
4	Árstíðasveifla hita og úrkomu fyrir veðurstöðina á Dalatanga	12
5	Skýringarmynd af farvegi snjóflóðs	15

Inngangur

Í skýrslu þessari hefur verið safnað saman þeim upplýsingum um snjóflóð á Seyðisfirði sem fundist hafa í rituðum heimildum. Ennfremur eru upplýsingar um nokkur flóð sem aðeins hafa varðveist í munnlegri geymd skráðar hér.

Þessi skráning verður aldrei tæmandi en þó má telja næsta víst að öll stór flóð sem fallið hafa eftir 1880 og flóð sem hafa valdið umtalsverðum skaða eftir þann tíma séu skráð.

Verkinu er ætlað að vera grundvöllur að hættumati fyrir Seyðisfjörð sem gera skal samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats frá 6. júlí 2000.

Gagnaöflun

Helsta heimild um snjóflóð á Seyðisfirði sem og annarsstaðar á landinu er hið vandaða rit „Skriðuföll og snjóflóð“ eftir Ólaf Jónsson (1957) með seinni tíma viðbótum eftir Jóhannes Sigvaldason, Sigurjón Rist og Halldór G. Pétursson (Ólafur Jónsson o.fl., 1992). Að öðru jöfnu hafa frumheimildir að baki þess sem þar er skrifað ekki verið rannsakaðar. Helsta viðbót er að reynt hefur verið að draga á kort útlínur snjóflóða sem skráð eru þar með aðstoð heimamanna þar sem það hefur verið unnt.

Aðrar helstu heimildir eru skýrslur um snjóflóð, Veðráttan, veðurathuganabækur og dagblöð auk munnlegra upplýsinga.

Ýmsir hafa tekið saman yfirlit um snjóflóð á Seyðisfirði. Þar má nefna Gunnlaug Jónasson (1975), Almannafræðingurinn (1985), Kristján Ágústsson (1988) og Árna Stefánsson (1988). Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur, vann einnig við skráningu heimilda um snjóflóð á Seyðisfirði um skeið. Í gögnum sem hann hefur tekið saman eru ítarlegri veðurlýsingar fyrir sum flóðanna en fram koma í annálum hér á eftir. Þessi yfirlit eru að mestu unnin upp úr riti Ólafs Jónssonar og félaga og er þeirra ekki getið sem heimilda hér nema upplýsingar í þeim séu umfram það sem fram kemur í riti Ólafs. Kristín Friðgeirsdóttir skoðaði snjóflóð á Seyðisfirði ásamt flestum skráðum flóðum á landinu og færði í tölulegt form ýmis einkenni þeirra. Verk hennar er fyrsti vísir að gagnagrunni sem nota má til að beita tölfræðilegum aðferðum við rannsókn á snjóflóðum. Hliðstætt mat á stærðum sem einkenna flóðin hefur verið unnið á ný og er hennar ekki sérstaklega getið sem heimildarmanns hér.

Á 18. og 19. öld var danska Veðurstofan með athuganir m.a. á Teigarhorni, Akureyri (Grímsey) og gaf út Meteorologisk Aarbog. Þær athuganir auk lýsinga í blöðum liggja til grundvallar veðurgreiningu og veðurlýsingu á fyrri hluta tímabilsins sem snjóflóðasaga Seyðisfjarðar spannar. Árið 1906 hefjast veðurathuganir á Seyðisfirði og víðar í nágrenninu og 1995 er komið á fót sjálfvirkum veðurathugunum þar til þess að treysta mat á snjóflóðahættu vegna vöktunar.




Mynd 1: Strandartindur. Helstu örnefni (ljósmynd, Þorsteinn Sæmundsson).

Staðhættir

Seyðisfjörður er um 15 km langur fjörður með meginstefnu VNV-ASA og skerst hann inn í blágrýtismyndun Austurlands. Innsti hluti hans sveigir mjög til suðurs um Strandartind og stendur kaupstaðurinn fyrir botni fjarðarins. Tvö stór fjöll eru áberandi í bæjarmyndinni. Þau eru dæmigerð fyrir fjöll úr lagskiftu basalti þar sem skiptast á hamrabelti úr hraunlögum og hjallar og stallar á milli. Skriður eru ekki áberandi í kaupstaðnum og aurkeilur smáar. Annað gildir um fjörðinn almennt en þar má víða finna skriður og sem dæmi um stórar aurkeilur má nefna Tangana í utanverðum Strandartindi.

Austan og sunnan bæjarins, almennt talað um sunnan, er áður nefndur Strandartindur (mynd 1). Hann er 1010 m hár, fjölbreyttur að allri gerð með tindum, rindum, stórum hvilftum, hjöllum, giljum, hömrum og hamrabeltum. Ysti tindur fjallsins er einnig nefndur Strandartindur en innar er Dagmálatindur sem einnig kallast Litlitindur eða Miðtindur. Nafnið Miðtindur er algengast í daglegu máli í dag. Enn innar er tindur sem oftast er kallaður Innri-Strandartindur. Mjóir rindar tengja þessa tinda og neðan þeirra eru stórar hvilftar eða botnar. Annar stallur er í 100–200 m hæð og er brún hans nefnd Botnabrún (Heybrún).



Mynd 2: Bjölfur. Helstu örnefni (ljósmynd, Þorsteinn Sæmundsson).


Norðan fjarðar (NV) er fjallið Bjölfur (mynd 2). Hlíðar hans eru fremur einsleitar hið neðra, gil fremur grunn flest og nokkur hamrabelti sem rekja má eftir endilangri hlíðinni. Tvö allstór gil, Jókugil og Fálkagil, skera sig í hlíðina yfir innanverðum bænum. Undir Bjölfstindi er um 200 m breiður stallur í 600–700 m hæð. Utan við Bjölf er Vestdalur, allstór dalur með A-V læga stefnu, og á mörkum hans og fjarðarins er hvass rindi hið efra, Röð, en breikkar niður og endar þar sem heitir Hrutahjalli.

Bærinn stendur annars vegar á sléttlendinu í dalnum, sem er framhald af firðinum, og hins vegar í og undir hlíðum Strandartinds neðan við Botnabrún. Mest öll atvinnu-starfsemi í bænum er utan við íbúðarbyggðina, bæði sunnan og norðan fjarðar.

Helstu örnefni eru færð á myndir 1, 2 og 3. Í nokkrum tilvikum eru fleiri en eitt örnefni á sama stað eða svæði og þá er reynt að nota þau nöfn sem algengust eru í daglegu tali. Allflest gil Strandartinds hafa nöfn en það gildir ekki um Bjölf en gil hans eru flest grunn.

Hér verður stiklað á stóru og lýst helstu einkennum landslags og örnefnum. Aðeins hluti þeirra örnefna sem til eru koma fram á kortum og myndum. Upplýsingar um örnefni eru að miklu leyti fengnar í samtölum við heimamenn og af kortum Landmælinga Íslands. Því til staðfestingar og uppfyllingar hefur verið farið yfir skrár frá Örnefnastofnun.

Í utanverðum Strandartindi, utan við núverandi byggð, eru þrjú stór gil. Neðan



Mynd 3: Helstu örnefni við Seyðisfjarðarbæ.

þeirra eru stórar aurkeilur sem mynda tanga út í sjóinn. Þeir heita utanfrá talið Grjótgarðar, Miðtangi og Borgartangi. Nokkru innan við Borgartanga er Grenistangi og öfugt við ytri tangana þrjá er ekki stakt stórt gil ofan hans heldur nokkur smærri. Innan Grenistanga tekur við Ströndin eða Fjarðarströnd. Nær hún inn fyrir Þófa sem er grösugur stallur í 120–150 m hæð. Ströndin er á sveig þeim þar sem fjörðurinn sveigir til suðurs. Hið ytra er nokkuð jafn halli að sjó en undir Þófa er bratt og undir innsta hluta hans eru hamrar. Áður en vegur var lagður undir Þófann var þar forvaði. Undir miðbiki Þófa var hæð með nafninu Hæð, en henni hefur verið mokað burtu. Á mjóu stykki innan Þófa er hlíðin hjallalaus og þar falla Hörmungar- og Skuldarlækir. Hvilftarnar milli Strandartinds og Dagmálatinds (Miðtinds) annars vegar og Dagmálatinds og Innri-Strandartinds hins vegar heita Ytri- og Fremri-Dagmálabotnar. Samheiti er Efri-Botnar. Búðará tekur við vatni frá ytri hvilftinni og Dagmálalækur frá þeirri fremri. Efri-Botnar eru í um 500 m hæð og neðan þeirra eru Neðri-Botnar eða Sölvabotnar í 150–200 m hæð. Þetta er grasi vaxinn hjalli, breiðastur innst en mjókkar er utar dregur. Botnabrúnirnar eru í um 125–150 m hæð. Hið innra eru þær brattir melar en utar eru klettabelti í og undir brúnunum. Innan við Botnana er hlíðin fremur einsleit. Þar heitir Grákambur hið efra. Nokkrir lækir falla þar niður og eru Ytri- og Fremri-Hádegisá stærstir. Áberandi berggangur liggur út með hlíðinni.

Eggín á Bjólfi sem skilur að Vestdal og Seyðisfjörð heitir Röð efst, þá Öxl og neðst endar hún á allvíðum hjalla í 160 m hæð, Hrutahjalla. Undir henni eru Nautabás, lítil vík, og nokkru innar er Fornistekkur. Nokkuð er af lausum jarðefnum í hlíðinni. Gilin sem skerast í setið eru víð en ekki ýkja djúp. Tvö eru nafngreind, Djúpagil og Fornastekksgil. Innan við Fornasekk heitir fjallshlíðin Flatafjall en Raðarflug eru klettabelti ofan við Flatafjall og undir Röð. Jarðvegur er lítill og gil mjög grunn nema undir neðsta klettabeltinu, Neðstuklettum. Flatafjall nær inn að Króarhrygg sem er melhryggur upp af Bræðraborg. Á hlíðinni frá Króarhrygg inn að Fálkagili er allþykkur jarðvegur og giljum hér svipar til giljanna ofan við Nautabás. Hér fyrir ofan er stallurinn undir Bjólfstindi. Brún hans er nefnd Brún (Bjólfbrún, Býhólsbrún). Á stallinum eru hólar og kvosir og innarlega á honum er Haugur. Brúnin er í um 625 m hæð og er stallurinn um 200 m breiður. Neðan við Brúnina er grunn skál sem heitir Kálfabotn og fram úr henni er gil sem heitir Hlaupgjá. Fálkagil og Jókugil eru síðan ofan við innsta hluta byggðarinnar. Þau eru mjög stór, einkum Jókugil, og sneiða hlíðina inn og niður. Innan við Jókugil er hlíðin aftur fremur einsleit með grunnum giljum. Þar undir er breiður hryggur sem liggur fram dalinn og niður undir veg, Skagi. Rekja má nokkur klettabelti eftir hlíðum Bjólfs. Þau stærstu heita Neðstuklettur, Presthamrar og efst er Langaklettabelti. Inn frá Kálfabotni miðjum liggur klettabelti og ofan þess er Efri-Kálfabotnshjalli og neðan þess Neðri-Kálfabotnshjalli.

Aldan eða Fjarðaralda heitir landsvæðið þar sem þéttust byggð stóð norðan ár þegar þéttbýli tók að myndast á ofanverðri 19. öld. Byggðin á Öldunni náði nokkuð samfelld frá Seyðisfjarðará út að þeim stað þar sem farfuglaheimilið Hafaldan stendur nú. Byggðin var þéttust á kambinum og voru þar allt í senn íbúðar-, fiskverkunar- og verslunarhús.

Nokkur hús voru við svonefndan Héraðsveg en hann lá í brekkufæti ofan við Fjörð. Ennfremur voru íbúðarhús utan við Fjörð á milli Héraðsvegar og húsanna á kambinum. Flest þessara húsa lentu að einhverju leyti í stóra flóðinu árið 1885. Tvö hús er rétt að nefna en þau hafa þýðingu í sambandi við stóra flóðið 1885. Bæði þessi hús stóðu fram á kambi. Glasgow var verslun og pakkhús og stóð fáeinum metrum utan við þar sem Stál h.f. stendur nú. Liverpool var verslun og fiskverkun og stóð beint fyrir neðan þar sem farfuglaheimilið Hafaldan stendur nú.

Byggð við Seyðisfjörð

Þróun byggðar á Seyðisfirði er lýst í Húsasögu Seyðisfjarðar eftir Þóru Guðmundsdóttur (1995). Í skýrslu Hörpu Grímsdóttur (1997) eru upplýsingar um sögu húsa færðar á kort.

Samkvæmt Landnámu nam Bjólfur Seyðisfjörð og er talið að hann hafi búið nálægt þar sem Fjörður stendur nú. Um miðja nítjándu öld hófst verslun á Seyðisfirði á ný eftir nokkurt hlé, sjósókn jókst og hvalveiðar voru stundaðar. Það var þó ekki fyrr en um 1870 að verulegur kippur varð í þróun byggðar með síldveiðum Norðmanna. Óx þá íbúafjöldi undrahratt og um 1895 voru íbúar Seyðisfjarðar rúmlega 1000. Á þessum tíma var Seyðisfjörður eitt byggðarlag og þéttbýlismyndun varð einkum á fjórum aðskildum stöðum, Vestdalseyri, Öldunni, Búðareyri og Eyrum. Einnig var nokkur íbúðarbyggð á Ströndinni. Seyðisfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1895 og náði kaupstaðurinn til Vestdalseyrar, Öldunnar og Búðareyrar.

Skin og skúrir hafa skifst á í sögu bæjarins og nú eru íbúar tæplega 800 eða nokkru færri en í lok 19. aldar. Byggð hefur lagst af á Vestdalseyri og Eyrum. Á milli Öldu og Vestdalseyrar og á Fjarðarstönd hefur íbúðarbyggð að mestu lagst af og eiga ofanflóð stærsta sök á því. Bærinn hefur byggst á milli Öldu og Búðareyrar og nokkuð fram á dalinn upp af fjarðarbotninum.

Veður og aðdragandi snjóflóða

Veðurfar

Hætta á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum kemur upp í kjölfar ákveðinna veðuraðstæðna og reynsla sýnir hvaða þættir veðurs hafa slíka hættu í för með sér. Snjóflóð falla oft í aftakaveðrum að vetrarlagi með mikilli snjókomu og skafrenningi, en krapaflóð þegar hlánar og rignir snögglega niður í snjó, og aurskriður falla í kjölfar stórrigninga. Veðurfar er þannig einn mikilvægasti þátturinn sem segir til um ofanflóðahættu.


Tafla 1 sýnir meðaltöl veðurþátta fyrir veðurstöðina á Dalatanga fyrir tímabilið 1961–1990, en hún er næsta veðurstöð í nágrenni Seyðisfjarðar með langa samfellda röð mælinga. Mynd 4 sýnir árstíðasveiflu hita og úrkomu fyrir stöðina.

Tafla 1: Meðaltöl ýmissa veðurþátta fyrir veðurstöðina á Dalatanga (stöð 620) fyrir tímabilið 1961–1990.

Stærð	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	ár
Úrkoma (mm)	134	103	116	87	93	86	97	114	160	169	129	121	1410
þar af regn	30	22	28	22	43	82	97	112	126	99	50	27	739
þar af slydda	74	53	55	43	37	4	0	1	33	64	51	57	473
þar af snjór	30	28	33	22	13	0	0	0	1	6	28	37	198
Mest á dag (mm)	84	86	66	71	78	74	149	100	160	200	87	45	200
Fjöldi regndaga	4	4	4	4	8	13	16	16	16	12	6	5	109
Fjöldi snjó/slyddud.	16	13	16	12	7	1	0	0	3	8	13	16	105
Fjöldi úrkomudaga	20	17	20	16	15	15	16	16	18	20	20	21	214
Meðalhiti ($^{\circ}C$)	0.3	0.6	0.1	1.4	3.3	6.2	8.0	8.3	6.6	4.5	1.8	0.6	3.5
Meðalhámark ($^{\circ}C$)	2.8	3.2	2.7	4.1	5.8	8.8	10.6	10.7	8.9	6.8	4.2	3.2	6.0
Meðallágmark ($^{\circ}C$)	-1.9	-1.6	-2.1	-0.7	1.4	4.1	6.1	6.6	4.8	2.6	-0.4	-1.8	1.4
Hæsta hámark ($^{\circ}C$)	16.6	15.6	14.5	17.3	20.5	20.6	23.5	25.1	25.8	23.5	19.7	16.6	25.8
Lægsta hámark ($^{\circ}C$)	-16.5	-16.9	-17.1	-19.2	-7.6	-1.9	1.0	1.4	-1.7	-8.6	-9.7	-15.4	-19.2

Tafla 2: Uppsöfnuð hámarksúrkoma í mm yfir 1, 2, 3 og 5 daga tímabil (P_{1d} , P_{2d} , P_{3d} og P_{5d}) með endurkomutímann T (1, 2, 5, 10, 20 og 50 ár) á veðurstöðinni á Seyðisfirði (stöð 615) fyrir tímabilið 1961–1996.

T	P_{1d}	P_{2d}	P_{3d}	P_{5d}
1	72	103	122	150
2	87	124	146	177
5	106	151	177	213
10	120	171	201	240
20	134	191	224	267
50	153	218	255	302



Mynd 4: Árstíðasveifla hita og úrkomu mánaða fyrir veðurstöðina á Dalatanga (stöð 620) fyrir tímabilið 1961–1990.

Mikil úrkoma á skömmum tíma skiptir oft meira máli varðandi hættu á ofanflóðum en meðaltal úrkomunnar yfir lengri tímabil. Tafla 2 sýnir niðurstöður greiningar á uppsafnaðri aftakaúrkomu yfir 1, 2, 3 og 5 daga tímabil fyrir veðurstöðina á Seyðisfirði. Taflan sýnir uppsafnaða úrkomu sem svarar til 2, 5, 10, 20 og 50 ára endurkomutíma, þ.e. tölfræðileg greining bendir til að úrkoma verði ekki meiri en sem nemur gildunum í töflunni oftar en endurkomutíminn segir til um þegar til til langs tíma er lítið.

Aðdragandi snjóflóða

Gerð er grein fyrir veðri í aðdraganda snjóflóða á Seyðisfirði í greinargerð Sigrúnar Karlsdóttur (2002). Þar kemur fram að veðurþættir eins og vindátt, vindstyrkur og hiti geta verið mjög breytilegir í aðdraganda snjóflóða. Í flestum tilvikum er jöfn og mikil úrkoma fyrir flóðin. Lausleg athugun sem gerð var fyrir eldri flóð (Kristján Ágústsson, 1988) benti til að í aðdraganda margra þurra flóða væru vissar líkur á að veikt lag (djúphrím) hefði náð að myndast í snjóþekjunni.

Skráning snjóflóða

Helstu hugtök

Nokkur hugtök eru notuð við skráningu snjóflóða og annarra ofanflóða og eru þau helstu skilgreind hér að neðan til hægðarauka. Flest hugtökin eiga einkum við snjóflóð en sum eru einnig notuð til þess að lýsa aurskriðum og grjóthruni.

Farvegur er heiti á því svæði sem getur komið við sögu þegar flóð fellur úr ákveðnu **upptakasvæði**. Farvegurinn nær frá efstu hugsanlegu upptökum flóðs niður að mestu hugsanlegu **úthlaupslengd** þess. Farvegurinn skiptist í **upptakasvæði**, **fallbraut** og **úthlaupssvæði**. **Upptakasvæðið** liggur efst og er fyrir snjóflóð venjulega skilgreint sem sá hluti farvegar þar sem landhalli er yfir 28–30°. Neðan þess tekur við **fallbraut**, en það er sá hluti farvegarins neðan upptakasvæðis þar sem landhalli er yfir 10°. Neðst er svo **úthlaupssvæðið**, en það er allt svæðið neðan fallbrautarinnar þar sem snjóflóð í viðkomandi farvegi geta farið yfir áður en þau stöðvast. Mörkin milli fallbrautar og úthlaupssvæðis, þar sem halli hlíðarinnar er 10°, nefnast **β-punktur**. Í reynd er oft erfitt að finna skýr skil á milli þessara svæða, sérstaklega í minni farvegum. Af þessum sökum er skilgreining fallbrautarinnar oft erfið, en það kemur lítið að sök því mestur áhugi er á efri mörkum upptakasvæðis og neðri mörkum úthlaupssvæðis.

Farvegur kallast **afmarkaður** ef hann hefur ákveðna breidd, t.d. í gili eða skál, en **opinn** ef hann er í sléttri hlíð. Þetta tvennt getur blandast í stórum og breiðum farvegum, sem að mestu eru í sléttum hlíðum, en skornir grunnum giljum eða skorningum.

Neðan afmarkaðra farvega (gilja) liggur úthlaupssvæðið oft yfir **aurkeilu** eða **skriðuvæng**, sem breikkar það mjög. Úthlaupssvæði langra flóða í þröngum dölum getur náð

upp í brekku andspænis upptakasvæðinu og fallbrautinni.

Aðsópsvæði er það svæði í grennd við snjóflóðafarveg sem skefur af yfir á upptakasvæðið. **Upptök** nefnist sá staður innan **upptakasvæðisins** þar sem ákveðið snjóflóð byrjar. Innan hvers upptakasvæðis geta þannig verið mörg mismunandi upptök sem eiga við mismunandi snjóflóð.

Snjór er sagður **þurr** ef illmögulegt er að hnoða hann, **rakur** ef hann hnoðast, **votur** ef hægt er að sjá í honum vatn eftir að hann hefur verið kreistur og **mettaður** ef öll holrúm milli snjókorna eru full af vatni.

Flekasnjóflóð nefnast flóð þar sem heill fleki af vindpökkuðum snjó fer af stað í einu, en **lausasnjóflóð** myndast þegar laus snjór missir innri bindingu sína og skriður af stað. **Krapahlaup** nefnast snjóflóð þar sem snjórinn er mettaður af vatni. **Kófhlaup** eru snjóflóð þar sem snjórinn blandast miklu lofti og verður svo edlisléttur að flóðin hreyfast sem snjóský.

Ofanflóð önnur en snjóflóð flokkast í **aurskriður**, sem er vatnsblönduð skriða jarðefna, **grjóthrun**, þegar stakir hnellingar falla niður fjallshlíð, og **berghlaup**, þegar heil bergfylla hrynur fram.


Eftir flekaflóð má sjá greinileg mörk upptaka sem **brotsár** eða **brotlínu**. **Brotstál** er veggurinn sem eftir verður og er hann sem næst hornrétt á **skriðflöt** snjóflóðsins. Brotstálið hefur ákveðna **þykkt** og ákveðna **breidd**. Orðið **hæð** er hins vegar notað til að lýsa hæð upptakanna yfir sjó.

Hugtakið **tunga** er haft um snjóflóð sem hefur stöðvast. Tunga ákveðins snjóflóðs nær oftast einungis yfir lítinn hluta úthlaupssvæðisins. **Tungubroddurinn** er **stöðvunarpunktur** snjóflóðsins, þ.e. sá hluti þess sem lengst fór. **Úthlaupslengd** er lárétt **skriðlengd** snjóflóðs frá efstu upptökum niður að stöðvunarpunkti. Þegar snjóflóð sveigir til hliðar á leið sinni niður hlíðina er skriðlengdin reiknuð eftir þeirri leið sem flóðið rann en ekki eftir beinni línu frá upptökum að stöðvunarpunkti.

Rennslistig er mælikvarði á skriðlengd snjóflóða sem gerir kleift að bera saman skriðlengd flóða sem falla í mismunandi farvegum. **Úthlaupshornið** α er halli sjónlínu frá stöðvunarpunkti flóðsins að upptökum þess, en hornið β er halli sjónlínu frá β -punkti, þ.e. frá þeim punkti hlíðarinnar þar sem hallinn er 10° , að upptökunum. Ef leið flóðsins niður hlíðina er ekki bein þá er tekið tillit til þess við ákvörðun á α og β á sama hátt og við ákvörðun á skriðlengd flóðsins. Meðallandhalli í upptökum snjóflóðs er táknður með θ en meðallandhalli í tungu þess með τ . Mynd 5 sýnir merkingu þessara hugtaka fyrir einfalt langsnið niður farveg snjóflóðs.

Skráning og flokkun flóða

Upplýsingar um ofanflóð eru skráðar í SQL-gagnasafn (Þorsteinn Arnalds, 1997). Þar eru, auk tímasetningar og staðsetningar flóðanna, skráðar ýmsar tölulegar upplýsingar um flóðin og athugasemdir um tjón, veður o.fl. Töflur yfir flóð í farvegum í þessari greinargerð og annáll flóðanna eru skrifaðar beint út úr gagnasafninu.



Mynd 5: Langsnið af farvegi snjóflóðs með skýringu á helstu stærðum sem koma við sögu við skráningu flóða. Skriðlengd er skilgreind sem lárétt vegalengd frá upptökum að stöðvunarpunkti. Rennisstig er ákveðinn mælikvarði á skriðlengdina óháður farvegi flóðsins. Hornið α er halli sjónlínu frá stöðvunarpunkti flóðsins að upptökum þess, en hornið β er halli sjónlínu frá þeim punkti hlíðarinnar þar sem hallinn er 10° að upptökunum. Landhalli í upptökunum er táknaður með θ . Tunguhallinn τ er núll í þessu tilfelli og er ekki sýndur.

Upplýsingar um ofanflóð eru misítarlegar eftir heimildum sem aðgengilegar eru um flóðin. Þær eru m.a. háðar því hvort flóðin ollu slysum eða tjóni á mannvirkjum, og eftir ýmsum öðrum atriðum, svo sem stærð flóðanna og fjarlægð frá byggð. Öllum flóðum er úthlutað einkvæmu gagnasafnsnúmeri og skráð hvar og hvenær þau féllu og hveurrar tegundar þau voru. Aðrar upplýsingar, svo sem um upptök og stöðvunarstað, ráðast af aðstæðum.

Ofanflóð í gagnasafni Veðurstofunnar eru flokkuð til eftirfarandi tegunda:

Snjóflóð Almennur flokkur fyrir snjóflóð þar sem meira er ekki vitað um tegundina.

Þurrt flekahlaup Flóðið byrjar sem fleki og snjórinn er þurr.

Vott flekahlaup Flóðið byrjar sem fleki og snjórinn er rakur eða votur.

Þurrt lausasnjóflóð Flóðið byrjar í einum punkti og breikkar niður frá upptökunum og snjórinn er þurr.

Vott lausasnjóflóð Flóðið byrjar í einum punkti og breikkar niður frá upptökunum og snjórinn er rakur eða votur.

Krapaflóð Snjórinn í flóðinu er mettaður af vatni.

Kófahlaup Flóðið er létt kóf án þétts kjarna niður við jörðu.

Vatnsflóð Vatnsflóð með litlum krapa eða aurframburði. Tegund flóðs er ekki skráð vatnsflóð nema krapaflóð og aurskriða eigi ekki við.

Aurskriða Vatnsblönduð skriða af grjóti og öðrum jarðefnum.

Grjóthrun Hrun stakra steina úr hlíð.

Berghlaup Hrun heillar bergfyllu úr hlíð.

Í gagnasafni Veðurstofunnar er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada (McClung og Shaerer, 1993). Flokkunin hefur lítillaga verið staðfærð hvað varðar lýsingu á áhrifum flóðs. Í flokkuninni er gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum. Auk þess er í erlendu flokkuninni að finna dæmigerða skriðlengd og ástremisþrýsing flóða á hverju stærðarþrepi. Flokkarnir sem um ræðir eru taldir upp í töflu 3.

Snjóflóðasagan

Óviða hafa snjóflóð og önnur ofanflóð valdið eins miklum skaða og á Seyðisfirði. Eftir hin mannskæðu flóð 1885 hafa hins vegar ekki orðið slys á fólki í snjóflóðum þó oft hafi litlu mátt muna. Enda hafa skipulagsaðilar verið meðvitaðir um þessa hættu og að mestu tekið tillit til hennar varðandi skipulagningu á íbúðarbyggð.

Tafla 3: Stærðarflokkar snjóflóða skv. kanadísku kerfi (McClung og Shaerer, 1993).

1	Spýja, sem varla getur grafið mann.	10 t
2	Snjóflóð sem getur grafið mann.	100 t
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vöru- bíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar.	1000 t
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús.	10000 t
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús.	100000 t

Þegar snjóflóðið mikla hljóp 18. febrúar 1885 virðist sem öll hlíð Bjólfs frá Jókugili út fyrir Liverpool hafi hlaupið samtímis. Flóð féllu einnig í Nautabás og víðar um sama leyti. Flóðið var sýnu öflugast neðan við Kálfabotn þar sem það fór allan út á leirurnar undan ströndinni en lágsjávað var þegar flóðið féll. Mestur flóðsnjórinn hefur að öllum líkindum átt sér upptök í hlíðinni neðan við Brún. En ekki er loka fyrir það skotið að eitthver snjór hafi fallið úr Bjölfstindi, skriðið fram yfir Brún, og hugsanlega hleypt stóra flóðinu af stað. Talsvert hefur verið rætt um tungu úr flóðinu sem á að hafa fallið niður í Fjarðará og jafnvel lengra. Ekki er óhugsandi að slík tunga hafi fallið nokkru framan við þáverandi byggð og að einhver ruglingur hafi komist á kreik. Nánar er fjallað um snjóflóðið árið 1885 í viðauka C.

Síldarverksmiðja Hafsíldar h.f. í Nautabás, síðar Vestdalsmjöl, var byggð 1965 og þá sem sumarsöltunarstaður. Síðar hófst mjölvinnsla þar og rekstur var allt árið. Að minnsta kosti 5 snjóflóð hafa fallið á verksmiðjuna og mjölskemmuna sem stóð rétt utan við hana. Árið 1995 gjöreyðilagðist skemman og verksmiðjuhúsið að hluta og starfsemi var hætt. Mikið lán er að ekki hafa orðið slys af völdum snjóflóða á þessum stað.

Á atvinnusvæðinu á Fjarðarströnd hafa einnig alloft fallið snjóflóð. Þau hafa oft valdið skaða. Þar er einnig hætt við aurskriðum og grjóthruni og hörmulegt slys varð er skriða braut húsið Strönd sumarið 1950.

Farvegir flóða og yfirlit yfir flóð í þeim

Hér er hugtakið farvegur notað nokkuð frjállega. Það nær yfir einstaka afmarkaða farvegi skv. hefðbundinni merkingu orðsins. En jafnframt getur það náð yfir stærri svæði sem hugsanlega hafa að geyma einn eða fleiri afmarkaða farvegi. Nauðsyn þessa skráningarforms er að einkum eldri heimildir leyfa ekki ætíð nákvæma staðsetningu flóða.

Bjólfur ytri

Hér er um að ræða svæðið frá Króarhrygg út í Nautabás.

Nautabás

Þessi farvegur nær frá Öxl og Hrutahjalla inn undir Fornastekksgil. Mikil snjósöfnun á sér stað á upptakasvæðinu þegar skefur af Vestdal og snjór hleðst upp undir Öxlinni. Óviða á landinu eru skráð jafn mörg snjóflóð á litlu svæði sem í Nautabás og Fornastekk. Trúlega hafa flóð oft fallið samtímis við Fornastekk, sem er næsti farvegur fyrir innan, og í Nautabás eða sama flóðið fallið í báðum farvegunum. Þessi skifting kann því að þykja undarleg. Skiftingin byggir hins vegar á því, að í heimildum eru snjóflóð ýmist heimfærð á Nautabás eða Fornastekk.

Stór þurr flekahlaup falla á svæðinu en einnig er mikið um minni spýjur. Mörg flóð hafa náð í sjó fram.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4008 8.2.1885 > 11.0	Snjóflóð í Nautabás braut skúr og bar út á sjó.
4035 1928 > 11.0	Snjóflóð í Nautabás braut símastaura.
4046 27.3.1967 > 11.0	Snjóflóð féll í sjó fram í Nautabás. Mjölskemmu Hafsíldar h.f. skemmdist mikið.
4071 26.12.1985 11.0	Snjóflóð við síldarverksmiðjuna í Nautabás braut olfuleiðslu.
4076 4.2.1988 10.6	Snjóflóð í Nautabás stöðvaðist við mjölskemmu Hafsíldar.
4077 6.2.1988 > 11.0	Snjóflóð féll í sjó fram í Nautabás rétt utan við mjölskemmu Hafsíldar.
4101 24.1.1993 10.6	Snjóflóð féll á mjölskemmu Hafsíldar í Nautabás og skekkti hana.
4092 19.3.1995 > 11.0	Snjóflóð féll í Nautabás og gjöreyðilagði mjölskemmu og verksmiðjuhús að hluta.

Fornistekkur

Hlið Bjólfs frá Fornastekksgili inn að Króarhrygg fellur undir þennan farveg. Hið ytra háttar líkt til og í Nautabás en innri hlutinn er á Flatafjalli. Röð og Raðarflug eru yfir Flatafjalli og snjóflóð eiga alloft upptök undir Raðarflugum en einnig í miðjum hliðum.

Mörg flóð hafa fallið á þessu svæði, bæði þurr, blaut og krapaflóð.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4007 2.2.1885 > 11.6	Snjóflóð féll við Fornastekk, braut skúra og færði út á sjó.
4019 21.2.1904 11.6	Krapaflóð féll við Fornastekk.
4020 21.2.1904 11.2	Krapaflóð féll við Hjarðarholt.
4021 21.2.1904 10.7	Krapaflóð féll við Bræðraborg.
4030 3.2.1914 11.0	Snjóflóð skemmdi íbúðarhús og fjós í Fornastekk.
4061 15.1.1975 11.2	Snjóflóð féll í Fornastekk/Nautabás. Flóðið lentil á vélasal Hafsíldar og skemmdi hann verulega.
4081 1990 11.8	Krapaflóð féll í Bjólfi við Sunnuver.
4087 20.2.1995 9.3	Lítið snjóflóð féll rétt innan við Fornastekk.
4088 20.2.1995 9.5	Lítið snjóflóð féll við Fornastekk.
4091 17.3.1995 > 10.5	Snjóflóð féll í sjó fram við Fornastekk.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4095 18.1.1997 <i>10.1</i>	Snjóflóð féll ofan við Fornastekk. Það stöðvaðist á vegi beint ofan við lýsistanka Hafsildar.
4112 27.2.2000 <i>8.4</i>	Smáflóð féll á Flatafjalli í Bjólfi.
4113 27.2.2000 <i>8.6</i>	Snjóflóð féll á Flatafjalli í Bjólfi.

Bjölfur innri

Þetta svæði nær frá Skaga út að Króarhrygg. Hið efra nær það frá Bjólfstindi ytri, yfir hjallann þar og fram á Bjólfsbrún. Hið neðra er það hlíðin neðan við Brún.

Liverpool

Svæðið sem hér er nefnt er Liverpool nær frá Króarhrygg inn að Kálfabotni. Snjóflóð, bæði vot og þurr, falla þar og eru upptök þeirra gjarnan í miðjum hlíðum.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4026 3.3.1912 <i>> 12.3</i>	Snjóflóð féll til sjávar við Liverpool.
4027 3.3.1912 <i>10.9</i>	Snjóflóð féll nokkuð niður fyrir Neðstukletta rétt utan við Liverpool.
4042 19.3.1946 <i>> 11.8</i>	Snjóflóð féll í sjó fram rétt utan við Bræðraborg.
4043 1951 <i>11.7</i>	Mörg flóð féllu úr Bjólfi, m.a. við Bræðraborg og Hjarðarholt.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4090 2.3.1995 <i>11.8</i>	Snjóflóð féll rétt innan við farfuglaheimilið Hafölduna.
4093 1996 <i>8.5</i>	Snjóflóð féll í Bjólfi innan við Króarhrygg.
4094 1996 <i>8.6</i>	Snjóflóð féll í Bjólfi innan við Króarhrygg.
4096 19.1.1997 <i>8.2</i>	Snjóflóð féll í Bjólfi ofan við farfuglaheimilið Hafölduna.
4109 27.2.2000 <i>9.0</i>	Smáflóð féll við Króarhrygg, ofan og utan við farfuglaheimilið Hafölduna.

Kálfabotn

Hlíðin frá Bjólfstindi, yfir Brún og Kálfabotn og neðan hans fellur undir þennan farveg. Hlaupgjá, sem gengur niður úr miðjum Kálfabotni, er einnig sérstakur afmarkaður farvegur. Í listanum hér að neðan eru flóð úr henni einnig færð.

Einhver mestu og mannskæðustu snjóflóð á Íslandi hafa fallið á þessu svæði. Kröftug, vot flóð og krapaflóð hafa fallið þar auk þurra flóða.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4004 13.1.1882 <i>> 14.4</i>	Hrina krapaflóða í Bjólfi. Eitt þeirra féll á Hótelið og skemmdi það. A.m.k. 2 lentu í flóðinu en sluppu ómeiddir.
4005 13.1.1882 <i>> 14.1</i>	Hrina krapaflóða í Bjólfi. Eitt þeirra féll á Baldurshaga (eldri) og stórskemmdi hann. 5 manns lentu í flóðinu og af þeim létust 2 börn.
4009 18.2.1885 <i>> 14.4</i>	Eitt mesta snjóflóðaslys á Íslandi. Talið að 75–80 manns hafi lent í flóðinu. Af þeim létust 24. 16–17 íbúarhús skemmdust auk geymsluskúra og báta. Hlíð Bjólfs frá Liverpool og inn fyrir Jókugil hljóp.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4014 31.1.1894 <i>> 14.4</i>	Snjóflóð féll í sjó fram á svipuðum slóðum og stóra flóðið 1885.
4022 21.2.1904 <i>12.8</i>	Krapaflóð féll úr Hlaupgjá á sama svæði og og flóðin sem féllu 1882 og 1885.
4074 1.2.1988 <i>9.3</i>	Lítið flóð féll úr Hlaupgjá.

Fjörður

Þessi farvegur nær frá Bjólfstindi og út á Brún. Neðan við hana tekur hann til hlíðarinnar ofan við Fjörð.

Ekki eru til heimildir um einstök flóð í þessum farvegi. Aftakaflóðið 1885 féll þar um sem og annarsstaðar innan við Liverpool.

Bakkar

Þessi farvegur nær frá Jókugili út að Fálkagili. Hann nær frá Bjólfstindi niður á Brún og síðan niður á jafnsléttu við Seyðisfjarðará. Jókugil og Fálkagil eru jafnframt afmarkaðir farvegir.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4111 um 1900 <i>15.4</i>	Snjóflóð féll úr Jóku- og/eða Fálkagili.
4039 1935–1937	Snjóflóð féll í Bjólfi ofan við Einstigsjaðar.
4040 1938–1940	Snjóflóð féll í Jókugili í Bjólfi.
4072 22.1.1986 <i>8.6</i>	Snjóflóð féll í Fálkagili og stöðvaðist um 100 m frá íbúðarblokk.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4080 mars 1988	Snjóflóð féll í Jókugili.
4120 8.1.2001 <i>8.7</i>	Lítið flóð féll í Jókugili og stöðvaðist við gilkaftinn.
4124 4.3.2001 <i>8.2</i>	Snjóflóð féll úr Fálkagili og stöðvaðist í um 120 m hæð.

Bjölfstindur

Snjóflóð sem falla úr Bjölfstindi út á hjallann ofan við Brún og út á Haug eru tekin saman hér óháð því hvaða framangreindum undirfarvegum þau ættu strangt tiltekið að tilheyra.

Eftir að reglulega var farið að fylgjast með snjóflóðum í Bjölfstindi ofan við Brún hefur komið í ljós að þau eru mjög tíð þar. Flest stöðvast þau í brekkufæti ofan við hjallann en nokkur hafa náð að teygja sig fram á Brún.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4102 7.1.1999	Snjóflóð féll úr Bjölfstindi ytri út á stallinn ofan við Brún.
4097 19.4.1999 <i>12.2</i>	Snjóflóð féll úr Bjölfstindi fremri og stöðvaðist skammt frá brekkufæti á hjallanum ofan við Brún.
4106 25.4.1999 <i>7.1</i>	Snjóflóð féll framarlega úr Bjölfstindi fremri og stöðvaðist í brekkufæti.
4107 11.5.1999	Vorspýjur féllu víða í Bjölfstindi.
4114 7.1.2000 <i>12.7</i>	Flóð féll úr Bjölfstindi fremri og stöðvast á hólunum ofan við Brún.
4108 21.2.2000 <i>8.3</i>	Flóð féll úr Bjölfstindi fremri. Stöðvaðist í brekkufæti hjallans ofan við brún.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4115 feb 2000 <i>8.1</i>	Snjóflóð féll úr Bjólfstindi fremri. Það stöðvaðist í brekkufæti hjallans ofan við Brún.
4116 2.1.2001 <i>13.8</i>	Snjóflóð féll úr Bjólfstindi fremri og stöðvaðist á Brún.
4130 3.1.2001	Snjóflóð féll framarlega úr Bjólfstindi fremri. Það stöðvast í brekkufæti ofan við Haug.
4117 6.1.2001 <i>14.8</i>	Snjóflóð féll úr Bjólfstindi fremri. Það stöðvaðist á Brún beint upp af Kálfabotni.
4129 apr 2001 <i>10.9</i>	Snjóflóð féll úr Bjólfstindi fremri og stöðvaðist í brekkufæti á hjallanum ofan við Brún.

Strandartindur

Fjarðarströnd

Hér er reiknað með að Fjarðarströnd nái frá Stöðvarlæk og út undir Grenistanga. Flóð úr öllum farvegum frá Grenistanga að Stöðvarlæk eru í einni töflu. Flestir farvegir á þessu svæði er afmarkaðir og nöfn þeirra koma fram á mynd 3.

Lækir sitt hvoru megin við Þófa falla með nokkuð jöfnum halla niður að neðstu klettum og við ströndina má í sumum tilvikum greina minni háttar aurkeilur. Þófi markast að utan af Imslandsgili og að innan af Hæðarlæk. Hann er mjög brattur frá brún og niður á veginn undir honum. Hörmungar- og Skuldarlækir sameinast um einn ós skammt frá ströndinni. Að jafnaði er ekki vitað hvor farvegurinn er ábyrgur fyrir þeim flóðum sem þar koma niður.

Úr giljum á þessu svæði koma ofanflóð af öllum gerðum auk þess sem grjótt og jarðvegsfyllur geta fallið úr Þófabrún.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4018 Um miðjan apríl 1899 > <i>11.5</i>	Vott snjóflóð féll úr Imslandsgili og skemmdi lifrabræðslu.
4024 21.2.1904 > <i>12.2</i>	Krapaflóð í Hörmungar- og/eða Skuldarlæk.
4098 21.2.1904 <i>13.6</i>	Krapaflóð eftir Hæðarlæk skemmdi tvö hús.
4033 24.4.1919	Snjóflóð féll úr Strandartindi.
4038 1930–1943 <i>12.9</i>	Sagnir eru um snjóflóð hafi fallið á Strandarveg 26–28, húsið Strönd, á árunum 1930–1943.
4055 15.2.1974 <i>12.9</i>	Snjóflóð féll úr Þófagili, Strandartindi.
4056 15.2.1974 <i>10.8</i>	Snjóflóð féll úr Strandartindi, líklegast úr gili rétt utan við Neptún en hugsanlega Imslandsgili.
4062 26.4.1977 <i>12.9</i>	Snjóflóð féll úr Strandargili og úr flestum giljum á Ströndinni.
4063 26.4.1977 <i>10.8</i>	Snjóflóð féll úr Strandartindi við Neptún.
4104 28.3.1978 <i>12.2</i>	Krapaflóð féll úr Skuldar- og/eða Hörmungarlæk.
4078 14.2.1988 <i>13.9</i>	Snjóflóð í Hörmungar- og/eða Skuldarlæk.
4086 17.3.1991 <i>10.6</i>	Flóð féll úr Strandartindi við Neptún.

Botnar

Botnar eru svæðið frá Búðará að Ytri-Hádegisá. Þessir lækir hafa stór vatnasvið. Upptök snjóflóða eru í og undir klettum Dagmálabotnanna.

Í Botnabrún eru nokkrar skálar sem snjóflóð geta fallið úr. Nokkur hættu er á grjóthruni og fyllur geta hlaupið úr brúninni.

Einkennandi fyrir stóru farvegina eru aur- og krapaflóð, auk vatnsflóða.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4023 21.2.1904 <i>15.2</i>	Krapaflóð í Hádegisá.
4119 3.1.2001 <i>12.9</i>	Tvö snjóflóð féllu í Ytri-Dagmálabotni rétt innan við Strandartind.
4122 1.3.2001	Þrjú snjóflóð féllu í Ytri-Dagmálabotni í Strandartindi.
4123 1.3.2001	Smáflóð féllu í Fremri-Dagmálabotni. Þau stöðvuðust í brekkufæti.

Snjóflóð með óvissri staðsetningu

Tvö flóð hafa ekki örugga staðsetningu. Aðeins er getið um að þau hafi fallið í Bjólfi, í kaupúninu eða í Seyðisfirði og almennt er nokkur óvissa um þessi flóð.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4006 13/14.1.1882	Hrina krapaflóða í Bjólfi. Auk flóða nr. 4004 og 4005 féllu mörg önnur flóð og ollu nokkrum skemmdum.
4013 27-31.10.1892	Nokkur flóð féllu á Seyðisfirði en óvíst hvar.

Snjóflóð í dreifbýli

Mörg flóð hafa fallið utan núverandi þéttbýlis. Helstu svæðin eru Tangarnir í utanverðum Strandartindi, Selsstaðir, Brimnesfjall og á Vestdal.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4000 25.1.1732	Snjóflóð féll á bæinn á Brimnesi. Af átján sem voru heima er flóðið féll fórust nú en aðrir björguðust.
4001 18.2.1803	Vinnumaður frá Selsstöðum varð fyrir flóði í Selsstaðavík. Hann lést og 39 ær drápust.
4002 19.11.1848	Vinnumaður frá Vestdal fórst í snjóflóði.
4003 15.10.1869	Maður fórst í snjóflóði í Brimnesfjalli.
4011 18.2.1885	Þurrt snjóflóð féll í Selsstaðavík og braut fiskihús.
4012 29.1.1890	Kona lést í snjóflóði í Hánefsstaðafjalli.
4015 31.1.1894	Snjóflóð á Vestdal skemmdi íbúðarhús.
4016 31.1.1894	Snjóflóð í landi Dvergasteins braut beitarhús og skemmdi hlöðu.
4017 31.1.1894	Flóð féll við Markhellur í Selsstaðavík og braut sjóbúð og fleira.
4029 ágúst 1912	Snjóflóð féll á Vestdal.
4031 22–28.3.1914	Snjóflóð féll úr Strandartindi.
4032 22–28.3.1914	Snjóflóð féllu víða í Seyðisfirði, m.a. skemmdist lifrabræðsla á Brimnesi.
4036 13.1.1930	Snjóflóð féll í sjó fram utan við Vestdalseyri. Það braut hús og þrír menn lentu í flóðinu en sluppu ómeiddir.
4037 13.1.1930	Snjóflóð féll úr Strandartindi.
4041 22.2.1941	Snjóflóð utan við Vestdalseyri braut fjárhús og drap ær.
4034 á þorra 1960	Stórt snjóflóð féll úr Sandhólatindi á Vestdal. Það fór yfir ána og bar með sér mikið af gróti.
4044 1–3.3.1960	Snjóflóð féll í sjó á Grenistanga.
4045 22/23.2.1966	Snjóflóð féll í sjó á Miðtanga.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4047 27.3.1967	Stórt flóð féll á Vestdal.
4048 5.4.1973	Snjóflóð féll á Grenistanga, Strandartindi.
4049 5.4.1973	Snjóflóð féll á Borgartanga, Strandartindi.
4050 5.4.1973	Snjóflóð féll á Miðtanga, Strandartindi.
4051 4.2.1974	Snjóflóð féll á Borgartanga, Strandartindi.
4052 4.2.1974	Snjóflóð féll á Miðtanga, Strandartindi.
4054 12.2.1974	Snjóflóð féll úr Skollabotnum, Hánefsstaðafjalli.
4059 20.12.1974	Snjóflóð á Selsstöðum braut fjárhús og drap ær. Tveir menn sluppu ómeiddir.
4060 20.12.1974	Mörg flóð féllu úr hlíðinni frá Selsstöðum og út fyrir Brimnes. Flóð tók fjós og hlöðu sem enn stóðu á Brimnesi.
4070 28.3.1978	Krapaflóð féll á Miðtanga og mikið magn fór í sjó. Flóðið sleit síma- og rafmagnslínur.
4073 23.1.1986	Snjóflóð féll í sjó fram á Miðtanga undir Strandartindi.
4075 2.2.1988	Snjóflóð féll á Borgartanga og víða á Ströndinni.
4079 15.4.1988	Tvö flóð féllu á Selsstöðum og brutu fjárhús og drápu ær.
4089 27.2.1995	Snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Stafdal.
4103 9.3.1995	Nokkur flóð féllu úr báðum hlíðum Vestdals.
4105 14.4.1999	Snjóflóð féll á Stafdal.
4131 28.3.2000	Snjóflóð féll úr Bjólfstindi fremri.
4118 3.1.2001	Eitt stórt eða fleiri smærri flóð féllu úr Bjólfstindi fremri. Flóðið féll út á Haugsmýrar.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
4121 12.2.2001	Snjóflóð féll við Neðri-Staf.
4125 28.3.2001	Snjóflóð féllu úr tveimur giljum í Grýtu við Selsstaði og náði annað þeirra niður á tún.
4126 29.3.2001	Snjóflóð féll í Selsstaðabrekkum í Brimnesfjalli.
4127 29.3.2001	Snjóflóð féll á skíðasvæðinu á Stafdal. Piltar á snjóþrettum komu því af stað og bárust með því nokkra leið.
4128 31.3.2001	Snjóflóð féll á Vestdal við Breiðurák.

Kort af útlínum snjóflóða

Kort sem sýna örnefni og útlínur skráðra flóða eru aftast í þessari skýrslu og listi yfir kortin í viðauka D. Ekki eru öll flóð sem skráð eru í annálinn sýnd á kortunum. Þá er í flestum tilfellum um að ræða lítil flóð þar sem nákvæm staðsetning er ekki skráð eða gömul flóð þar sem heimildir skortir til þess að staðsetja þau á korti. Útlínur flóða á kortunum eru misvel þekktar. Útlínur og aðrar upplýsingar um staðsetningu flóða á kortunum eru flokkaðar í nokkra flokka eftir nákvæmi og eðli upplýsinganna:

Mældar útlínur Útlínur eru mældar með GPS-tækjum eða öðrum landmælingartækjum.

Öruggar útlínur Útlínur eru mældar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni en ekki mældar með landmælingartækjum.

Ónákvæmar útlínur Útlínur eru mældar eða færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar.

Óvissar útlínur Útlínur eru kortlagðar eftir óvissum heimildum.

Í sjó Flóðið náði út í sjó eða lengra en útlínan sýnir.

Vatnsflóð Útlínan sýnir mörk vatnsflóðs sem t.d. var samfara krapaflóði eða aurskriðu.

Grjóthrun Tákn á korti sýnir stöðvunarpunkt grjóthruns úr hlíðinni ofan staðarins.

Staðsettur atburður Tákn á korti (ör) sýnir staðsetningu og stefnu snjóflóðs eða aurskriðu án þess að útlína flóðsins eftir að það stöðvaðist sé nánar tilgreind.

Mældar og öruggar útlínur eru sýndar með sömu línutegund á kortunum en aðrar tegundir eru aðgreindar með mismunandi línutegundum og táknum eins og fram kemur í

útskýringu á kortunum. Útlínur snjóflóða og aurskriðna eru aðgreindar með mismunandi lit eins og fram kemur í útskýringu á kortunum.

Útlínur ofanflóða sem sýndar eru á kortunum eru varðveittar á stafrænu formi í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar.

Skýringar við annál

Númer: Númer flóðs í gagnasafni Veðurstofunnar Tegund: Gerð flóðs.

(Um er að ræða þurr eða blaut snjóflóð, sem geta verið flekahlaup eða lausasnjóflóð, svo og krapahlaup, skriður og grjóthrun sbr. lista í kafla um skráningu hér að framan.)

Staðsetning: Nafn farvegar skv. farvegatöflu í gagnasafninu.

Farvegir geta tekið til stórs svæðis ef staðsetning flóðs er óviss. Hægt er að skrá nánari upplýsingar um staðsetningu fyrir hvert einstakt flóð ef þörf krefur.

Tími: Dags- og tímasetning atburðar.

Skýrslu skráði: Höfundur skýrslu. Teg. skýrslu: Útlína: Vissa um útlínu flóðs.

Fylgigögn: Kort, loftmyndir, ljósmyndir, . . .

(Höfundur er sá sem ritar skýrsluna þó svo að hann hafi upplýsingar frá öðrum. Tegund skýrslu vísar til forms skýrslueyðublaðs.)

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: , slasaðir: , ómeiddir: , heima: Alls:

(Fjöldi þeirra sem látast, slasast, lenda í flóðinu án þess að slasast og fjöldi þeirra sem eru heima við í byggingum sem flóðið lendir á en lenda ekki sjálfir í flóðinu.)

Tjón: Lýsing á efnahagslegu tjóni.

Lýsing: Stærðarfl.: Lengd: m Mælt úthl.horn (α): °

(Stærð flóða er flokkuð í 5 flokka sbr. töflu 3 hér að framan. Lengd táknar lárétta skriðlengd. Úthlaupshorn er sjónarhorn frá stöðvunarstað til efstu upptaka.)

Upptök: Hæð yfir sjó: m Breidd: m Mældur halli (θ): °

Þykkt brotlínu: Meðaltal: m Mest: m

Orsök: Ef eitthvað óvenjulegt er í aðdraganda flóðsins eða ef orsakir eru ekki náttúrulegar, t.d. skíðamenn eða umferð, er það skráð.

(Hæð efstu upptaka, meðalbreidd upptaka og meðalhelli lands í þeim er skráð ef upplýsingar eru til um þessi atriði.)

Almenna athugasemd um upptökin er einnig hægt að skrá.

Fallbraut: Breidd: Minnst: m Efst: m Neðst: m

(Þessi atriði eru skráð ef upplýsingar eru til um þau.)

Tunga: Hæð yfir sjó: m Mældur halli (τ): °

Þykkt: Meðaltal: m Mest: m

Meðalbreidd: m Lengd: m Rúmmál: m³

(Þessi atriði eru skráð ef upplýsingar eru til um þau.)

Almenna athugasemd um stöðvunarstað er einnig hægt að skrá.

Braut: Nafn brautar sem flóðið hefur verið skráð í. Braut er snið niður fjallshlíðina.

Brautir eru notaðar til þess að reikna skriðlengd, rennslistig, úthlaupshorn o.fl. atriði sbr. kafla um skráningu flóða hér að framan.

Veður: Lýsing á veðri í aðdraganda flóðs.

Athugasemdir: Almenn athugasemd um flóðið, umfang þess og ýmis önnur atriði.

Heimildir/Heimildarmenn: Ritaðar heimildir um snjóflóðið og nöfn heimildarmanna.

Annáll snjóflóða á Seyðisfirði

Númer: 4000 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Brimnes.

Tími: 25.1.1732

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 9, slasaðir: 0, ómeiddir: 9. Alls: 18

Tjón: Flóðið tók baðstofuna og mestan hluta bæjarins. Fjós var innanbæjar og drápuð allir nautgripir nema ein kvíga (Ó.J.).

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Sagt er að veturinn hafi verið harður með stórsnjóum og bleytuhríðum. Mikið féll af útingangspeningi og bæi fennti á kaf svo moka varð tröppur upp úr þeim. Var hann nefndur snjóáveturinn mikli eða Brimnesvetur vegna þessa snjóflóðs (Ó.J.).

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Mörk eru höfð óviss, en trúlegast er vitað nokkuð nákvæmlega hvar bærinn hefur staðið. Þess er aðeins getið að 9 manns hafi lifað af atburðinn, þannig að ekki er vitað hversu margir hafa slasast.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 46–47.

— — — — —

Númer: 4001 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðavík.

Tími: 18.2.1803

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 1

Tjón: 39 ær hurfu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Vinnumaður frá Selsstöðum varð fyrir flóðinu og 39 fjár. Hvorki maður né fé fannst en stafur mannsins fannst í flæðarmálinu (Ó.J.). Samtímis varð tjón í snjóflóði á Hagahúsi í Mjóafirði.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 63–64.

— — — — —
Númer: 4002 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Vestdalur.

Tími: 19.11.1848

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 1

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Athugasemdir: Í heimildum er þess aðeins getið að Björn Jónsson, vinnumaður frá Vestdal, hafi farist í snjóflóði þennan dag (Ó.J.). Ekki er þess sérstaklega getið að slysið hafi átt sér stað í firðinum.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 92–93.

— — — — —
Númer: 4003 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðabrekkur, Brimnesfjall.

Tími: 15.10.1869

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 1

Veður: Svokallaður Valborgarbylur var daginn á undan þessum atburði (Ó.J.).

Athugasemdir: Ekki er ljóst hvernig slysið bar að höndum. Líklegt þótti að skafi hefði brotnað undan manni og hann hrapað til dauðs. M.ö.o. það er líklegt að hann hafi komið flóði af stað og fallið með því. Slysið átti sér líklega stað í Brimnesfjalli utan við Selsstaðabrekkur.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 113–114.

— — — — —
Númer: 4004 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjölfur, Hlaupgjá

Tími: 13.1.1882

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 2

Tjón: Hótel Ísland laskaðist. Sjá nánar flóð nr. 4006.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 575 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 200 m

Upptök voru neðan til í fjallinu. Sjá nánar flóð nr. 4006.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj31ca, rst=14.4.

Veður: Sjá flóð nr. 4006.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Fleiri en þau sem lentu í flóðinu voru heima er það féll en ekki tiltekið hve margir. Að öllum líkindum hefur þetta flóð fallið úr Hlaupgjá eða næsta gili innan við hana.

Heimildir: H.G. 1955. Snjóflóðið mikla á Seyðisfirði 1885.

Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 124–126.

Meteorologisk Aarbog.

Árni Stefánsson, Firði.

Númer: 4005 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjólfur, neðan við Kálfabotn

Tími: 13.1.1882

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 2, slasaðir: 0, ómeiddir: 3. Alls: 5

Tjón: Húsið Baldurshagi stórskemmdist.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 525 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 200 m

Upptök voru neðan til í fjallinu. Sjá nánar flóð nr. 4006.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj40ba, rst=14.1.

Veður: Sjá flóð nr. 4006.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið féll nokkru eftir að flóð nr. 4004 hafði fallið. Húsfrúin á Hótelinu hafði verið flutt í Baldurshaga eftir flóðið sem skall á því. Hún lenti á ný í flóði sem féll á Baldurshaga ásamt húsmóðurinni þar og börnum hennar þremur. Öll fimm bárust út í sjó og fórust tvö yngstu börnin. Flóðið hefur sennilega komið úr einhverju giljanna sem eru skammt utan við Kálfabotn og Hlaupgjá (Árni Stefánsson, Firði). Svo virðist sem ekki hafi hlaupið úr giljum milli þessa flóðs og flóðs nr. 4004 í þessari hrinu eða að ekki hafi orðið umtalsvert tjón á því svæði. En húsin Blöndalshús, Garðshús og Leira stóðu þar nema þau séu byggð á árunum 1882–1885. Þau fóru í snjóflóðinu mikla 1885. Húsið Vingólfur stóð rétt utan við Baldurshaga utarlega á túni því sem kallað var Hermannstún. Húsið gekk einnig undir nafninu Baldurshagi (Haraldur Guðmundsson, Firði). Hinn upphaflegi Baldurshagi hefur farið í þessu flóði. Vingólfur hefur hinsvegar farið í stóra flóðinu á öskudag 1885 að því er virðist (sjá flóð nr. 4009). Ólafi Jónssyni og Haraldí Guðmundssyni ber ekki að öllu leyti saman um þetta. Haraldur nefnir ekki Vingólf í sambandi við flóðið 1885 en

getur ekki heimfært alla látna. Ólafur nefnir Vingólf og alla vega tveir hinna látnu sem Haraldur mundi ekki hvar hefðu búið eru heimfærðir þar. Núverandi Baldurshagi, sem er við Oddagötu, er byggður um sumarið 1882 og við bygginguna var notað það sem var nýtilegt úr hinum eldra (Húsasaga Seyðisfjarðar).

Heimildir: H.G. 1955. Snjóflóðið mikla á Seyðisfirði 1885.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 124–126.
Meteorologisk Aarbog.
Þ.G. 1995. Húsasaga Seyðisfjarðar.

— — — — —

Númer: 4006 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður
Bjölfur.

Tími: 13/14.1.1882

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Sama dag og flóð nr. 4004 og 4005 féllu komu flóð úr mörgum öðrum giljum í Bjólfi. Flóð féllu áfram daginn eftir (14.1.). Mörg þessara flóða ollu minni háttar tjóni. M.a. brotnuðu fiskiskúrar og bátar og fleira lauslegt týndist. Mannskaðar og tjón af öllum flóðunum var metið á 12250 kr.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 525 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 200 m

Upptök voru neðan til í fjöllunum. Þar hafði vatn safnast saman og sprengdi fram miklar snjódyngjur og steypist krapinn langt fram á fjörð.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Skömmu eftir áramótin hafði hlaðið niður snjó. Þá gerði ákafa hláku og þann 13. var SV þíðviðri og rigning annað veifið. Daginn eftir var SA ofsaveður og stórrigning og komu þá mörg smáhlaup (Ó.J.). Á Teigarhorni var töluvert frost flesta daga frá áramótum nema þann 6. Átt var norðlæg, 2–8 vindstig (1–4 vindstig á landsskala). Þann 12. hófst hláka með miklu úrfelli. Næstu fjóra daga rigndi 25–30 mm á dag (Meteorologisk Aarbog).

Athugasemdir: Mörg krapaflóð féllu úr hlíðinni ofan við Ölduna. Fyrir utan flóð nr. 4004 og 4005 er ekki vitað með vissu hvar þessi flóð hafa verið.

Heimildir: H.G. 1955. Snjóflóðið mikla á Seyðisfirði 1885.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 124–126.
Meteorologisk Aarbog.
Árni Stefánsson, Firði.

— — — — —

Númer: 4007 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 2.2.1885

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Skúrar við Fornastekk brotnuðu og þök þeirra bárust út á sjó.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 825 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 400 m

Upptök voru trúlega undir Raðarflugum.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj47aa, rst=11.6.

Veður: Framan af janúar var tíð góð en síðari hluta mánaðarins tók að snjóa. Hlód þá niður snjó af austri og norðaustri um allt Norður- og Austurland í þrjár vikur til mánuð samfleytt. 31. janúar var ANA dimmviðri, töluvert frost með stormi og feikna snjókomu. 1. febrúar var svipað veður og mikil snjókoma. 2. febrúar var ANA dimmviðrisritja með töluverðu frosti og stormnæðingi (Ó.J.).

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Fleiri flóð munu hafa fallið (Ó.J.).

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 135–136.

Meteorologisk Aarbog.

Númer: 4008 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 8.2.1885

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið tók timburhúsakofa með heyi og smíðatólum.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 750 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 350 m

Upptök voru trúlega undir Raðarflugunum út við Röð. Hlaupið hefur fram úr einhverju giljanna ofan við Nautabás. Fornastekkskil kemur einnig til greina hér þó svo að úr því hafi fallið 2. febrúar.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Veður: Eftir 2. febrúar (sjá flóð nr. 4007) hélst veður óbreytt. N og NA hríðar með miklu frosti (Ó.J.).

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Fallið hefur úr Djúpagili og/eða öðrum giljum ofan við Nautabás.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 136.
Meteorologisk Aarbog.

Númer: 4009 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool

Tími: 18.2.1885 8:30

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 24, slasaðir: 12, ómeiddir: 50. Alls: 86

Tjón: Samkvæmt Haraldi Guðmundssyni lentu 16 íbúðarhús í flóðinu en samkvæmt Ólafi Jónssyni 17. Talið er að 80–90 manns hafi búið á svæðinu og ætla má að 75–80 manns hafi lent í flóðinu að meira eða minna leyti. Af þeim létu 24 lífið og 12–15 slösuðust. Fjárhagslegt tjón varð mjög mikið. 16–17 íbúðarhús skemmdust eða eyðilögðust og 14 þeirra lentu að einhverju leyti út í sjó. Skemmur, bátar og hjallar brotnuðu. Gripahús og hey eyðilögðust og gripir drápuðust.

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Upptök: Upptök eru talin vera í Kálfabotni en einnig er hugsanlegt að flóðið hafi að hluta komið ofan úr Bjólfstindi.

Fallbraut: Breidd: Neðst: 600 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Útlína tungunnar er tiltölulega vel þekkt utan við Fjörð en innan Fjarðar er staðsetning hennar óviss eins og nánar er fjallað um í viðauka í snjóflóðaannál.

Braut: sebj31ca, rst=14.4.

Veður: Dag þennan var ANA dimmviðri með töluverðri snjókomu en litlu frosti (Ó.J.). Flesta daga í febrúar var töluvert frost á Teigarhorni og mikið frost í Grímsey. Alla daga var norðlæg átt á báðum stöðum og veðurhæð 4–6 vindstig (3 vindstig á landsskala) en fór mest í 10–12 á Teigarhorni. Þann 8. eru 8–10 vindstig á Teigarhorni og 6–8 þann 18. (Meteorologisk Aarbog). Sjá einnig veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4007 og 4008.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Snjór mun hafa hlaupið úr allri hlíð Bjólfs frá Jókugili út að Liverpool (Haraldur Guðmundsson). Sumir telja upptök vera í Kálfabotni. Aðrir telja upptökin í Hlaupgjánni og hafi brotnað út frá henni til beggja handa og hleypt af stað öllum snjó á Neðra-Kálfabotnshjalla. Trúlega hefur snjór hlaupið bæði af Efra- og Neðra-Kálfabotnshjalla og úr Kálfabotni. Ekki er loku fyrir það skotið að flóðið hafi að einhverju leyti komið úr Bjólfstindi. Í kaupstaðnum tók flóðið frá húsunum Glasgow út undir Liverpool. Óljósar heimildir benda til þess að önnur tunga úr snjóflóðinu hafi fallið innan við Fjörð og náð upp á tún handan við Fjarðará. Sjá nánar í viðauka. Breidd flóðsins innan við Fjörð er um 300 m. Alls er þá breidd þess svæðis sem flóðið náði yfir að minnsta kosti 600 m samsíða hlíðinni um Fjörð. Flóðið klofnaði á hólunum ofan við Fjörð og er annars mjög

misöflugt. T.d. slapp „Mikaelshús“ nokkuð vel þó að hús báðum megin við það og nær sjó gjöreyðilegðust. Snjóflóðið hefur verið öflugast niður undan giljunum úr Kálfabotni. Þar hljóp flóðið í sjó og bar m.a. með sér húsin sem stóðu þar á kambinum. Efri-Jaðar hefur líklega lent í þeirri tungu sem féll innan við Fjörð. Lítilsháttar misræmis gættir í lýsingum Haraldar Guðmundssonar og Ólafs Jónssonar varðandi fjölda húsa sem skemmdust. Ólafur nefnir húsið Vingólf umfram þau hús sem Haraldur nefnir. Haraldur getur ekki heimfært 4 manneskjur en Ólafur heimfærir mann og konu úr þeim hópi á Vingólf og tvo aðra á önnur hús. Sjá einnig umfjöllun um þetta í athugasemd við flóð nr. 4006.

Heimildir: H.G. 1955. Snjóflóðið mikla á Seyðisfirði 1885.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 133–154.
Meteorologisk Aarbog.
Árni Stefánsson, Firði.

— — — — —

Númer: 4010 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás

Tími: 18.2.1885

Tjón: Flóðið tók nokkra fiskhjalla.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Sjá flóð nr. 4009.

Athugasemdir: Um staðsetningu er þess aðeins getið að flóðið hafi fallið milli Öldu og Vestdalseyrar. Líklegast hefur það verið við Fornastekk eða Nautabás. Það gætu því verið þriðju flóðin í mánuðinum á sama svæði. Það verður að teljast líklegt vegna þess veðurfars sem heimildir greina frá, en einnig er hugsanlegt að fallið hafi úr Flatafjalli.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 151.

— — — — —

Númer: 4011 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðavík.

Tími: 18.2.1885

Tjón: Flóðið tók tvö fiskihús.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá flóð nr. 4009.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 151.
Meteorologisk Aarbog.

Númer: 4012 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Hánefsstaðafjall.

Tími: 29.1.1890

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 1

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Veður: Seinni hluta mánaðarins var veður á Teigarhorni stillt og milt en vindátt breytileg. Þann 29. og 30. er hláka og nokkur rigning (Meteorologisk Aarbog).

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut. Vinnukona á Þórarinsstöðum ætlaði yfir fjall til Mjóafjarðar. Villtist hún yfir Flanna og niður í Hánefsdal lenti þar í snjóflóði og lést (Ó.J.). Óvíst er hvort konan hafi villst, en hún fannst í Hánefsstaðafjalli nálægt gönguleið milli byggðanna (Jón Sigurðsson).

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 161–162.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum. Hánefsstöðum.

Númer: 4013 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður

Tími: 27–31.10.1892

Veður: Þessa daga voru stórhriðar í Múlasýslum og hlóð niður ódæma snjó á fáum dögum (Ó.J.). Á Teigarhorni og í Grímsey voru NA 5–8 (3–4 vindstig á landsskala) þessa daga. Hiti var yfir frostmarki (0.5–2.0°C) á Teigarhorni nema þann 31. en þá fór frost niður í –2°C. Í Grímsey var frost alla þessa daga. Þann 28.–30. mældust 47 mm á Teigarhorni (Meteorologisk Aarbog). Ekki er auðsætt að flóð þessi hafi verið þurr.

Athugasemdir: Nokkur flóð féllu á Seyðisfirði. Sæbjörn á Hrafnkelsstöðum segir að þrjú stór snjóflóð hafi fallið á Seyðisfirði. Ekkert tjón varð en með einu flóðinu komu sex kindur lifandi ofan úr fjalli. Miðað við veðurlýsingu er líklegast að fallið hafi úr Bjólfinum en ekki er útilokað að einnig hafi fallið úr Strandartindi.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 162–163.
Meteorologisk Aarbog.

Númer: 4014 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Hlaupgjá

Tími: 31.1.1894

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Geymsluskúr brotnaði og sópaðist í sjó fram.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Upptökin voru talin neðar en í flóðinu 1885.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj31ca, rst=14.4.

Veður: Snjóað hafði í marga daga fyrir mánaðarmótin og var mikill snjór kominn í fjöll. 31. janúar gerði mikla rigningu (Ó.J.). Samkvæmt athugunum á Teigarhorni var frost allan seinni hluta mánaðarins nema þann 24. Þá var hláka og S 3 og rigndi 13.5 mm. Frost fór niður fyrir -10°C þann 21.–23. og eftir 24. var frost oftast meira en -4°C . Þann 30. var NE 3, snjócoma (10 mm) og frost. Þann 31. hlánaði en var úrkomulaust. Í Grímsey var frost allan tímann og N og NA 3–4. Þann 24. var SA átt og hláka. Snjócoma var einhver alla daga í Grímsey (Meteorologisk Aarbog). Það er því ekki líklegt að rignt hafi þennan dag eins og Ólafur Jónsson getur um. Hins vegar er ekki ólíklegt að snjóflóð hafi getað fallið þennan dag. Hugsanlegt er að veikt lag (djúphrím) hafi náð að myndast í snjóþekjunni vegna hlákukafans þann 24. Hlýindi þann 31. hafa veikt snjóþekjuna og hengjur og geta þær hafa fallið úr brúnum og hleypt snjóflóðunum af stað.

Athugasemdir: Sagt er að flóð þetta hafi fallið á sama svæði og stóflóðið 1885 en verið mjórra. Féll það á skúr sem stóð á grunni þeim er Hótel Ísland hafði staðið á.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð.

Númer: 4015 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Vestdalsland.

Tími: 31.1.1894

Tjón: Flóðið féll á íbúðarhús og braut glugga.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Sjá flóð nr. 4014.

Athugasemdir: Hugsanlega hefur þetta flóð fallið úr Grafargili.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 163.

Númer: 4016 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Dvergasteinn.

Tími: 31.1.1894

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið tók beitarhús og skemmdi hlöðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Sjá flóð nr. 4014.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Jón Sigurðsson á Hánefsstöðum (munnlegar upplýsingar) telur að þetta flóð hafi fallið á Kolsstaði sem eru á milli Selsstaða og Dvergasteins.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 163.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum. Hánefsstöðum.

Númer: 4017 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðavík.

Tími: 31.1.1894

Tjón: Flóðið tók sjóbúð allstóra og fiskiskúr.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Sjá flóð nr. 4014.

Athugasemdir: Flóðið féll við Markhellur í Selsstaðavík.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 163.

Númer: 4018 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Imslandsgil

Tími: Um miðjan apríl 1899

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Snjóflóðið braut gufubræðsluhús Imslands.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Húsin sem lentu í flóðinu stóðu við sjóinn. Ekki eru til aðrar heimildir um stöðvunarstað.

Braut: sest09aa, rst=11.5.

Veður: Samkvæmt veðurathugunum á Teigarhorni koma annars vegar dagarnir 2.–4. og hins vegar 22.–25. til greina. Bæði þessi tímabil var logn eða hæg breytileg átt og rigning. Hiti var um 5°C og úrkoma 15–20 mm í báðum tilvikum (Meteorologisk Aarbog). Í ljósi þess að heimildir segja „nærri miðjum apríl“ verður seinna tímabilið að teljast líklegra.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið hefur komið úr Imslandsgili. Ekki var vitað til að snjóflóð hafi fallið þarna fyrr. Hins vegar er skriðuhætta mikil og hætta á vatns- og krapaflóðum. Vegna staðsetningar húsanna gæti Strandarlækur allt eins hafa hlaupið. Þetta flóð hefur einnig verið staðsett í Hörmungar- og Skuldarlæk. Ástæða þess kann að vera að nokkru utan við ós þeirra stóð lifrarbræðsla sem reyndar er ólíklegt að hafi verið í hættu. Hins vegar er hugsanlegt að þessir lækir hafi hlaupið um svipað leyti.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 173.
Meteorologisk Aarbog.

Númer: 4111 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, frá Jókugili út að Fálkagili

Tími: um 1900

Lýsing: Braut: sebj32ca, rst=15.4. ! 15?.

Athugasemdir: Samkvæmt stuttu yfirliti um snjóflóð á Seyðisfirði eftir Kristján Jónasson eru heimildir um þetta flóð taldar óljósar. Talið að það hafi fallið neðan Jóku- og Fálkagilja og hugsanlega náð niður í Fjarðará. Á korti með yfirliti Kristjáns eru útlínur tungu dregnar rétt ofan við veg. Tunga þessa flóðs er ekki dregin á snjóflóðakort í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar. Tunga flóðsins 1885 fór hugsanlega inn á þetta svæði. Frásögnum um þessi flóð kann að hafa slegið saman og er látið duga að draga tungu flóðsins 1885 á þessu svæði til þess að sýna hvar þær kunna að hafa náð.

Heimildir: G.J. 1975. Skýrsla um snjóflóð og snjóflóðahættu í Seyðisfjarðarkaupstað.
Kristján Jónasson.

Númer: 4019 **Tegund:** Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Braut: sebj47aa, rst=11.6.

Veður: Mikinn snjó hafði gert á Þorranum þetta ár. Öra hláku gerði þann 21. febrúar og dagana á eftir (Ó.J.). Á Teigarhorni og Akureyri hlánar fyrst þann 22. og þá mælist 24 mm úrkoma á Teigarhorni en frost var þar meira en 5°C daginn áður (Meteorologisk Aarbog).

Athugasemdir: Í Bjólfi féllu mörg flóð. Meðal annars á sömu slóðum og stórfloðin 1882 og 1885. Ennfremur féllu snjóflóð um Hjarðarholt, Bræðraborg og Fornastekk. Hádegisá hljóp þvert yfir Fjarðará. Á Fjarðarströnd spýttu margir lækir fram vatni og snjó. Hörmungar- og Hæðarlækir meðal annarra. Greina má flóðin að nokkru og tengja við einstaka farvegi og er slíkum flóðum úthlutað sérstökum númerum. Farið er rangsælis um fjörðinn frá Fornastekk.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4020 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Við Hjarðarholt.

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Braut: sebj44aa, rst=11.2.

Athugasemdir: Sjá athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4021 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Við Bræðraborg.

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Braut: sebj42aa, rst=10.7.

Athugasemdir: Sjá athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4022 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjólfur, Hlaupgjá

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Braut: sebj31ca, rst=12.8.

Athugasemdir: Flóðið féll á sama svæði og hlaupin 1882 og 1885. Sjá annars athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4023 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Ytri-Hádegisá

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Braut: segr16aa, rst=15.2.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Sjá athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4024 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið tók fjóra báta. Rak þá handan fjarðar og voru sumir talsvert brotnir (Ó.J.).

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sest06aa, rst=12.2.

Athugasemdir: Bátarnir hafa verið í fjörunni utan við Pöntunarfélagshúsið. Skuldar- og Hörmungarlækir hafa þar sameiginlegan ós svo ekki er vitað hvor þeirra hljóp eða hvort báðir hafi gert það. Sjá annars athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

Númer: 4098 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Hæðarlækur
Hæðarlækur.

Tími: 21.2.1904

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Tvö hús urðu fyrir skaða.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Upptök að öllum líkindum neðarlega.

Braut: sest07aa, rst=13.6.

Veður: Sjá flóð nr. 4019.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið fór í gegn um Madsenshús (Massa) og braut hurð á húsi fyrir neðan það og flæddi þar um.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 176–177.

— — — — —

Númer: 4025 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás

Tími: 4.12.1909

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Símastaur milli Öldu og Vestdalseyrar brotnaði.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Stórhriðar á Austurlandi (Ó.J.). Frá 21. til 30. nóvember var hlýtt nema 22. og 27. en hiti fór þá rétt undir frostmark. Eftir 30. var hiti um frostmark og snjócoma alla daga. Þann 4. og 5. var veðurhæð 6–10 vindstig og 3 gráðu frost seinni hluta þess 4 (Veðurathugunarbók).

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 183.
Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4026 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool

Tími: 3.3.1912 7:00

Skráning: Útlína: Örugg

Tjón: Vöru- og fiskihús Framtíðarinnar með vörum innlendum sem erlendum möllbrotnaði. Bátar, áhöld og fjárhús brotnuðu og 17 ær drápu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Teiknað skv. Mynd í Húsasögu Seyðisfjarðar.

Braut: sebj41aa, rst=12.3.

Veður: Þann 21.–24. febrúar var hiti rétt yfir frostmarki og snjókoma. Þann 26.–29. febrúar var frost og NV átt og veðurhæð oft um 7 vindstig. Eftir mánaðarmótin var hiti um frostmark og snjókoma alla daga. Þann 3. mars er NV 4 (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóðið féll á svipuðum slóðum og ytri mörk stórflóðsins 1885 voru. Fleiri flóð féllu úr Bjólfinum, m.a. úr Hlaupgjá, en þau stöðvuðust flest neðan kletta. Vöruskemma Framtíðarinnar, sem áður var veslunin Liverpool, eyðilagðist og einnig fiskveiðihús Framtíðarinnar en það stóð neðan við vöruskemmuna (Húsasaga Þ.G.).

Heimildir: Þ.G. 1995. Húsasaga Seyðisfjarðar.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 197–198.

— — — — —

Númer: 4027 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool

Tími: 3.3.1912

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Skemmd varð á símanum.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Braut: sebj42aa, rst=10.9.

Athugasemdir: Þetta flóð var nokkru utar en flóð nr. 4026. Á mynd í Húsasögu Seyðisfjarðar (Þ.G.) má sjá að það sveigir nokkuð inn á við neðan kletta og virðist renna saman við flóð nr. 4026. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu fyrir flóð nr. 4026 og 4028.

Heimildir: Þ.G. 1995. Húsasaga Seyðisfjarðar.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 198.

— — — — —

Númer: 4028 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður
Bjólfur.

Tími: 3.3.1912

Tjón: Eitt flóðanna skemmdi símann.

Athugasemdir: Samtímis flóðum nr. 4026 og 4027 féll víða úr Bjólfi. M.a. úr Jóku- og Fálkagiljum, Hlaupgjá, á Flatafjalli og í Fornastekk og Nautabás. Mörg þessara flóða má sjá á ljósmynd í Húsasögu Seyðisfjarðar.

Heimildir: Þ.G. 1995. Húsasaga Seyðisfjarðar.

— — — — —

Númer: 4029 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Vestdalsfjall.

Tími: ágúst 1912

Lýsing: **Tunga:** Stöðvast í miðjum hlíðum.

Veður: Veðráttan í ágústbyrjun þessa árs var ömurleg. Snjó kyngdi niður í fjöll og einnig töluvert í byggð. Það mun ekki henda oft á þessum tíma árs (Ó.J.). Í veðurathugunum frá Seyðisfirði kemur ekki fram að snjóað hafi í þessum mánuði. En samkvæmt veðurathugunum væri sá 19. líkegastur snjóflóðadagur (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Snjóflóðið féll niður í miðjar hlíðar en óvíst er hvar.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 198.
Veðurathugunarbók.

Númer: 4030 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 3.2.1914

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Íbúðarhús skemmdist og fjós brotnaði.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Hæð yfir sjó: 5 m

Braut: sebj47aa, rst=11.0.

Veður: Flóðið féll aðfaranótt þess 3. Þá hafði verið nánast samfelldur frostakafli frá 25. febrúar og snjócoma af og til. Frá 31. janúar er stöðug snjócoma og NA 3–6 (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Líklegast er að grein sú sem féll á íbúðarhúsið hafi fallið úr næsta gili innan við Fornastekksgil.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 198–199.

K.Á. 1988. Könnun á snjóflóðahættu á Seyðisfirði, bls. 47.

Seyðisfjörður, snjóflóðakönnun 29. desember 1985, bls. 12.

Veðurathugunarbók.

Númer: 4031 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Ströndin utan Búðareyrar.

Tími: 22–28.3.1914

Tjón: Þrír símastaurar brotnuðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Í mars þennan vetur voru mikil snjóþyngsli um allt land, og á Seyðisfirði var snjó-
magninu líkt við veturinn 1885 (Ó.J.). Fyrri hluta mánaðarins var veður breytilegt og
snjócoma nokkra daga. Þann 15.–18. voru töluverð frost. Þann 21.–24. var hiti um frost-
mark en þann 25. fór veður kólnandi. Stöðug snjócoma var 21.–26. Vindur var oftast
norðlægur 2–4 vindstig (Veðurathugunarbók). Á Teigarhorni var mikil snjócoma þann
23. og mælist 16 mm úrkoma (Meteorologisk Aarbog).

Athugasemdir: Líklegast er hér um að ræða snjóflóð í einhverjum farveganna frá Grenistanga
að Grjótgörðum og jafnvel innan við Grenistanga.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 199.
Veðurathugunarbók.
Meteorologisk Aarbog.

— — — — —

Númer: 4032 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Brimnes og víðar.

Tími: 22–28.3.1914

Tjón: Lifrarbræðsluhús í Brimnesbyggð skemmast.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá flóð nr. 4031.

Athugasemdir: Auk flóðsins í Brimnesbyggð og flóðs nr. 4031 segir Ólafur Jónson að fleiri
flóð hafi fallið í firðinum í þessari snjóflóðahrinu en ekki valdið tjóni.

Heimildir: Meteorologisk Aarbog.
Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 199.
Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4033 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, innan við Grenistanga að Stöðvarlæk

Tími: 24.4.1919

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Hús fóru á kaf, en fólk var nýflutt úr þeim.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Hitastig var breytilegt en um miðbik mánaðarins var hiti stöðugt yfir frostmarki. Vindur var hægur norðlægur að mestu og stöðug snjócoma fyrri helming mánaðarins. Þann 24. stiga frost NV og V 8–9 vindstig. Líklegustu dagarnir eru 24. og 25. (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Ekki vitað með vissu hvar þessi flóð hafa fallið. Flestir farvegir frá Skuldarlæk út á Grenistanga koma til greina. Sagt er að fólk inni í kaupstaðnum hafi yfirgefið einhver hús af ótta við snjóflóð.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 220.
G.J. 1975. Skýrsla um snjóflóð og snjóflóðahættu í Seyðisfjarðarkaupstað.

— — — — —

Númer: 4035 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 1928

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: 5–7 símastaurar brotnuðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Upptök voru neðan klettabeltanna yst í Bjólfinum í um 300–400 m hæð þ.e. undir Röð.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Athugasemdir: Skv. lýsingu Gunnlaugs Jónassonar féll þetta á sama stað og flóð sem féll á Hafsíld 27.03.1967.

Heimildir: G.J. 1975. Skýrsla um snjóflóð og snjóflóðahættu í Seyðisfjarðarkaupstað.

— — — — —

Númer: 4038 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Þófalækur

Tími: 1930–1943

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Braut:** sest08ba, rst=12.9.

Athugasemdir: Á árunum 1930–1943 eru sagnir um að fallið hafi snjóflóð í gegnum neðri hæð hússins við Strandarveg 26–28, svokallaða Strönd (munnlegar upplýsingar, Þóra Guðmundsdóttir og Harpa Grímsdóttir).

— — — — —

Númer: 4036 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Utan við Vestdalseyri.

Tími: 13.1.1930

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 3

Tjón: Snjóflóðið tók tvö hús og bar út á sæ. Þessi hús voru kölluð Sandnæshús eða Grudahús.
Í þeim bjuggu feðgar þrír og björguðust þeir naumlega.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Vikuna fyrir flóðið var hiti um frostmark að undangengnum nokkurra daga frostakafli þar sem frost var meira en 5 gráður. Þann 11. var NA 7 og mikil skafhrið. Þá var stöðugur skafrenningur var þann 12. og 13. frost 1–3 gráður (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Líklega hefur þetta flóð komið úr Grafargili.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 247–248.
Veðurathugunarbók.
Veðráttan.

— — — — —

Númer: 4037 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Ströndin.

Tími: 13.1.1930

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Símaustaurar skemmdust.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Sjá flóð nr. 4036.

Athugasemdir: Ekki ljóst hvar þetta hefur fallið. Líklegast er að það sé á svæðinu frá Gren-
istanga að Grjótgörðum.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. 248.
Veðurathugunarbók.
Veðráttan.

— — — — —

Númer: 4039 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, frá Jókugili út að Fálkagili
Ofan við Einstigsjaðar.

Tími: 1935–1937

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 3

Athugasemdir: Þrír menn voru á leið upp Einstig ofan við Einstigsjaðar til að sækja fé. Þeir urðu fyrir snjóflóði en sluppu ómeiddir.

Heimildir: Árni Stefánsson, Firði.

Númer: 4040 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Jókugil

Tími: 1938–1940

Skráning: Útlína: Óviss

Athugasemdir: Snjóflóð féll á fjárhóp sem verið var að reka eftir sporaslóð ofan við Flug, sem eru ofan Jóku og Fálkagilja. Fjárhópurinn og hundur fóru fram af klettum. Menn og skepnur komust lifandi niður.

Heimildir: Árni Stefánsson, Firði.

Númer: 4041 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Utan við Vestdalseyri.

Tími: 22.2.1941

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Snjóflóðið tók þrjú fjárhús og bar á sjó út. 64 ær drápu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Snjólítið var á Austfjörðum fram til 21. febrúar. Þá gerði feikna mikla fannkomu í frostlausu veðri (Ó.J.). Á Eiðum voru hlýindi þann 10.–16. en þann 17.–22. var frost, NA 2–4 og mikil úrkoma. Þann 21. var NA 8 á Eiðum (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Þetta flóð hefur líkega fallið úr Grafargili.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 69.
Veðráttan.

Númer: 4042 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool
Bræðraborg.

Tími: 19.3.1946

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Ekki er getið um tjón. Flóðið fór yfir fjárhús rétt utan við Bræðraborg. Það olli ekki tjóni þar sem skelft hafði að húsinu áður og mann sem var að gefa þar sakaði ekki.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Flóðið fór í sjó fram á um 200 m breiðu svæði utan við Bræðraborg.

Braut: sebj44aa, rst=11.8.

Veður: Seinni hluta febrúar og fyrri hluta mars var frost og úrkomulítið. Þann 18. var slydda og mældist 22 mm úrkoma þann 20. (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Breitt snjóflóð féll á Flatafjalli utan við Bræðraborg.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Kristinn Halldórsson.

Hjálmar J. Níelsson.

— — — — —

Númer: 4043 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool

Tími: 1951

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Braut:** sebj42aa, rst=11.7.

Athugasemdir: Árið 1951 féllu snjóflóð víða úr Bjólfinum, m.a. utan við Bræðraborg og einnig á milli Bræðraborgar og Hjarðarholts (munnlegar upplýsingar, Þóra Guðmundsdóttir, Harpa Grímsdóttir).

— — — — —

Númer: 4034 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Vestdalur, Sandhólatindur.

Tími: á þorra 1960

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Athugasemdir: Flóðið fór yfir Vestdalsá og stöðvaðist á flatanum framan við tjörn sem þar er. Flóð bar mikið grjót með sér og grjótdreifin er tungulaga.

Heimildir: Sigurbergur Sigurðsson.

Númer: 4044 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Grenistangi.

Tími: 1–3.3.1960

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Norðan átt var dagana á undan með allmikilli snjókomu og 4–6 gráðu frosti (Jón Sigurðsson). Þann 3. mældist 26.6 mm úrkoma á Seyðisfirði (Veðráttan).

Heimildir: Veðráttan.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4045 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Miðtangi.

Tími: 22/23.2.1966

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Veður: Dagana 21.–22. var hvöss austan átt með mikilli snjókomu og skafrenningi og 2 gráðu frosti (Jón Sigurðsson). Hiti var undir frostmarki alla daga fram að flóðunum nema 3., 14. og 22. Þann 21. mældist 19.6 mm úrkoma á Seyðisfirði og þann dag og 22. var NA átt og veðurhæð 4–9 vindstig (Veðurathugunarbók).

Heimildir: K.Á. 1988. Könnun á snjóflóðahættu á Seyðisfirði, bls. 51.
Veðurathugunarbók.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4046 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjölfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 27.3.1967 8

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið féll á mjölskemmu Hafsildar í Nautabás og braut hana niður. Skemman var 1500 fermetra stálgrindahús. Lagðist hún alveg saman og sópaðist að nokkru leyti í sjóinn. Mjöl var ekki í húsinu, en mikið af mjölbrettum, þilplötum og timbri og hvarf það allt í hafið. Þetta var á annan páskadag svo ekki var unnið í verksmiðjunni þegar þetta gerðist. Flóðið olli einnig skemmdum á símalínu. Verksmiðjan sjálf var litlu innar og skemmdist ekki.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Hæð yfir sjó: 375 m

Orsök: Nýsnævi var geysimikið og hljóp það á harðbergi (hjarni?). Einnig voru miklar snjódyngjur í hlíðum.

Upptakahæð var fundin af kortum Gunnlaugs Jónassonar. Ekki er útilokað að eitthvað hafi fallið úr meiri hæð.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Veður: Mikið frost var eftir þann 20. Úrkoma var ekki mjög mikil en þann 26. og 27. var NNA og NA 5–7. Þann 16.–20. fór hiti nokkrum sinnum yfir frostmark með snjókomu og slyddu og skilyrði fyrir myndun djúphríms voru því líklega til staðar (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Nokkrar smávægilegar villur hafa slæðst inn í lýsingar á þessi flóði. Ólafur Jónsson segir að flóðið hafi fallið á sama svæði og flóðið 1885 og átt upptök í 800 m hæð. Ennfremur að mjölskemman sé eina húsið sem byggt hafi verið á því svæði síðan 1885. Fjallsöxlin ofan við Nautabás er í 400–500 m hæð. Ennfremur er Stál h/f eina stórbyggingin sem byggð hefur verið í farvegi 1885 flóðsins. Skv. því sem fram kemur í skýrslu Veðurstofu Íslands um byggingaár húsa á Seyðisfirði og frá Jóhanni Sveinbjörnsyni (munnlegar upplýsingar) eru húsin á „Stáltorfunni“ byggð 1948, 1963 og 1970. Ekki er ólíklegt að spýjur hafi einnig fallið úr hlíðinni við Kálfabotn án þess að valda tjóni.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 330.

G.J. 1975. Skýrsla um snjóflóð og snjóflóðahættu í Seyðisfjarðarkaupstað, bls. 4. Veðurathugunarbók.

Veðráttan.

Seyðisfjörður, snjóflóðakönnun 29. desember 1985.

Númer: 4047 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis Sandhólatindur.

Tími: 27.3.1967

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá flóð nr. 4046.

Athugasemdir: Flóðið féll niður á Vestdal og þótti mikið (Ó.J.).

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 330.
Veðráttan.

Númer: 4048 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Grenistangi.

Tími: 5.4.1973

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum **Útlína:** Ónákvæm

Tjón: 2 símastaurar brotnuðu og raflína slitnaði sundur.

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Veður: Geysimikil snjócoma mældist 3.–5. apríl á Seyðisfirði. Þann 4. mældust 41.6 mm en þann 5. mældust 71.1 mm. Frá 30. mars til 2. apríl var mjög kalt og norðlæg átt 4–7 vindstig. Þegar snjóaði mest voru SA 4–7 en þann 5. var NA 4–6 (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Snjóflóð féllu á Töngunum í utanverðum Strandartindi.

Númer: 4049 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Borgartangi.

Tími: 5.4.1973

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: 7 símastaurar brotnuðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Athugasemdir: Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4048.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4050 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Miðtangi.

Tími: 5.4.1973

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Flóð þetta var geysistört. Það féll í sjó fram og stálið í fjörunni var 5 m hátt.

Athugasemdir: Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4048.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4051 **Tegund:** Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Borgartangi.

Tími: 4.2.1974

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Veður: Frá 27. janúar og fram til 4. febrúar var hláka og geysimikil rigning (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóðið náði ekki niður á veg.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4052 **Tegund:** Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Miðtangi.

Tími: 4.2.1974

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Veður: Sjá flóð nr. 4051.

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4053 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás

Tími: 8–12.2.1974

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Veður: Norðan stórhriðar gengu yfir landið 8.–12. febrúar. Miklum snjó kyngdi niður (Sigurjón Rist). Þann 6.–10. var frost meira en 5 gráður, norðlæg átt og 3–4 vindstig og einhver úrkoma (3–9 mm) alla daga. Vindur snéri til suðurs þann 11. og hlánaði með mikilli slyddu og rigningu. Þann 12. mældust 140.6 mm úrkoma (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Snjóþyngsli voru mikil í bænum og létu þök á tveimur húsum undan vegna þungans. Mörg flóð féllu úr Bjólfi en engin stór.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 361.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4054 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Skollabotnar, Hánefsstaðafjalli.

Tími: 12.2.1974

Skráning: Útlína: Óviss

Athugasemdir: Sjá athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4053.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 361.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4055 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Þófalækur

Tími: 15.2.1974

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Braut: sest08ba, rst=12.9.

Veður: Eftir þann 12. (sjá flóð nr. 4053) var ofankoma og 4–5 gráðu frost flesta daga. (Jón Sigurðsson).

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4056 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, gil ofan við Neptún

Tími: 15.2.1974

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Braut: sest10aa, rst=10.8.

Veður: Sjá flóð nr. 4053 og 4055.

Athugasemdir: Hefur sennilega fallið úr gili sem er rétt utan við Neptún. Hugsanlega úr Imslandsgili.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4057 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Miðtangi

Tími: 18.3.1974 12:40

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið sleit síma- og rafmagnslínu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Allan mars var veður hlýtt og úrkomulítið fram til þess 15. Mikil slydda og snjókoma var þann 15.–18. Dagana 18. og 19. mældust yfir 60 mm úrkoma hvorn dag (Veðurathunarbók).

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4058 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Borgartangi

Tími: 19.3.1974

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Fjöldamargir símastaurar brotnuðu.

Lýsing: **Tunga:** Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Sjá flóð nr. 4057.

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4059 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðir.

Tími: 20.12.1974 10:30

Skýrslu skráði: Kristján Eyjólfsson

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 2

Tjón: Flóðið tók fjárhús og hlöðu og braut þau. 42 kindur drápust.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 2500 m

Upptök: Orsök: Hengjur brustu í brún fjallsins Halli og féllu niður gilið sem Selsstaðá rennur eftir.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 100 m

Veður: Þann 9.–20. var frost og A og NA átt ríkjandi nema þann 13. en þá var hláka. Fannburður var mikill, einkum síðustu dagana (Veðurathugunarbók). Hiti var um frostmark og kólnandi og vindur 1–2 af NA. Snjór var um 1 m á Selsstöðum sem er mikið (snjóflóðaskýrsla).

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Tveir menn sem voru við gegningar lentu í flóðinu, en björguðust báðir óskaddaðir.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 361–362.

— — — — —

Númer: 4060 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis

Brimnes og víðar.

Tími: 20.12.1974

Skýrslu skráði: Kristján Eyjólfsson

Tjón: Flóð fór yfir rústirnar þar sem Brimnesbærinn stóð. Það tók með sér fjós og hlöðu sem enn var uppistandandi.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá flóð nr. 4059.

Athugasemdir: Mörg flóð féllu úr hlíðinni frá Selsstöðum og út fyrir Brimnes. Í þessari hrinu féllu mannskæð flóð á Norðfirði.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 361–362.

Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4061 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 15.1.1975

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Veggur á vélasal síldarverksmiðju Hafsildar brotnaði á 20 m kafla og þakið á honum féll að mestu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Hæð yfir sjó: 2 m

Flóðið stöðvaðist á síldarverksmiðjunni.

Veður: Frá 3. mars var frost eða hiti um frostmark og einhver snjókoma flesta daga. Dagana 12.–15. janúar gengu norðan stórhriðir yfir landið og á Seyðisfirði var veðurhæð 6–9 vindsig af NA þessa daga. Snjókoma var geysimikil (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Þak verksmiðjunnar sligaðist af fannfergi en síðar töldu sumir að snjóflóð hefði fallið. Nokkur áhöld eru um hvort að þetta hafi verið snjóflóð.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 384.
Veðurathugunarbók.
Veðráttan.

Númer: 4062 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Strandarlækur

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Braut: sest08ba, rst=12.9.

Veður: Frá þeim 18. var hæg austan átt, hiti um og yfir frostmarki og einhver snjókoma alla daga. Þann 25.–27. var átt austlæg með 4–8 vindstigum og mikil úrkoma mældist þann 26. og 27. yfir 70 mm hvorn dag (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóð féllu úr öllum giljum frá utanverðri Ströndinni út að Grjótgördum. Það er að segja Strandargili, Imslandsgili og gili utan við Neptún. Ennfremur á Grenistanga, Borgartanga, Miðtanga og loks í Grjótgördum. Flóð þessi voru mjög stór. Á Grenistanga var breidd tungu 64 m og á Borgartanga 28 m. Þykkt tungu á Borgartanga var svo mikil að símastaur rétt stóð uppúr. Á Miðtanga var breidd tungunnar mjög mikil eða 168 m og dýpt 4 m. Í Grjótgördum voru smáflóð. Öllum flóðunum hafa verið gefin sérstök númer. Heimildum ber ekki saman um dagsetningu flóðsins. Samkvæmt snjóflóðaánnál í Jökli og Veðráttunni falla flóðin þann 28. Jón Sigurðsson segir að þau hafi fallið þann 26. Við athugun á veðurgögnum virðist 26. líklegur dagur. Ennfremur slitnaði símalínan heim að Hánefsstöðum í flóðinu og út frá því má tímasetja það þó enginn sé á ferli. Seinni dagsetningin, það er að segja 28., gæti átt við hreinsun á vegi eða jafnvel annað snjóflóð.

Heimildir: H.H.J. 1981. Snjóflóðaánnál 1975–80.

Veðurathugunarbók.

Veðráttan.

Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 387.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4063 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, gil ofan við Neptún

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Braut: sest10aa, rst=10.8.

Athugasemdir: Flóðið féll sennilega úr næsta gili utan við Imslandsgil. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4062.

Heimildir: H.H.J. 1981. Snjóflóðaánnáll 1975–80.
Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4064 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Grenistangi

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Meðalbreidd: 64 m

Athugasemdir: Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4062.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4065 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Borgartangi

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Símastaurar brotnuðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 6 m

Meðalbreidd: 28 m

Athugasemdir: Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4062.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4066 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Miðtangi

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Símastraurar brotnuðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 4 m

Meðalbreidd: 168 m

Athugasemdir: Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4062.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

— — — — —

Númer: 4067 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Stramdartindur, Grjótgardar

Tími: 26.4.1977

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Athugasemdir: Mörg smáflóð. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4062.

Heimildir: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

— — — — —

Númer: 4068 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Grenistangi

Tími: 28.3.1978

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Veður: Mikil rigning og slydda var þann 22.–25. Þann 28. mældust 88.2 mm úrkoma á Seyðisfirði og þann 29. mældust 97.2 mm og vindur norðaustlægur (Veðurathugunarbók). Snjór var í meðallagi á láglandi en mikill til fjalla (harðfenni).

Athugasemdir: Snjóflóð féllu úr mörgum giljum Strandartinds. Samkvæmt snjóflóðaannál í Jökli eiga flóðin að hafa fallið þann 29. Við athugun á veðurgögnum er 28. jafn líklegur. Samkvæmt Veðráttunni og Jóni Sigurðssyni, Hánefsstöðum, eiga flóð að hafa fallið þá. Líklegt er að flóð hafi fallið báða dagana.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 391.

H.H.J. 1984. Snjóflóðaannáll 1982–83, bls. 51.

Veðurathugunarbók.

Veðráttan.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

— — — — —
Númer: 4104 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur

Tími: 28.3.1978

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m

Fallbraut: Breidd: Neðst: 50 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 40 m

Í gili í neðsta hjalla ca. 200 m frá SR.

Braut: sest06aa, rst=12.2.

Athugasemdir: Skýrsla skrifuð af Gunnsteini Stefánssyni, Egilsstöðum. Heimildarmaður hans er Guðmundur Sigurðsson, Hafnargötu 28, Seyðisfirði. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4068.

— — — — —
Númer: 4069 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Strandartindur, Borgartangi

Tími: 28.3.1978 20:40

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Tjón: 3 rafmagnsstaugar og 9 símastaurar brotna.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 3 m

Meðalbreidd: 250 m Rúmmál: 300000 m³

Athugasemdir: Mikið flóð. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4068.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 387.

H.H.J. 1981. Snjóflóðaannáll 1975–80, bls. 51.

Veðurathugunarbók.

Veðráttan.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

— — — — —
Númer: 4070 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Miðtangi.

Tími: 28.3.1978 20:40

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Tjón: 2 rafmagnsstaugar og 6 símastaurar brotna.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 1800 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 875 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 225 m Neðst: 225 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Þykkt: Meðaltal: 3 m

Meðalbreidd: 275 m Rúmmál: 200000 m³

Töluvert magn snævar í sjó.

Athugasemdir: Starfsmenn Rafmagnsveitu og íbúar Hánefsstaða komu að flóðinu. Sjá nánar athugasemdir og veðurlýsingu við flóð nr. 4068.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 391.

H.H.J. 1981. Snjóflóðaánnáll 1975–80, bls. 51.

Veðurathugunarbók.

Veðráttan.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Númer: 4071 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 26.12.1985

Skýrslu skráði: Kristjana G. Eyþórsdóttir Útlína: Ónákvæm

Tjón: Olíuleiðsla við Hafsild í Nautasbás brotnaði og 300–400 tonn af olíu runnu í sjóinn.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 900 m

Upptök: Breidd: 300 m

Upptök undir klettum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Meðalbreidd: 45 m

Snjór fór á milli tanka og niður á bryggju.

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Veður: Fyrir jól var snjódýpt orðin 61 cm. Á jóladag snérist vindur til norðurs og hvessti um nóttina og fór að snjóa (Veðurathugunarbók). Snjócoma og skafrenningur var á láglendi og til fjalla. Veður hlýnaði úr -12°C í -6°C . NNA–N, 3–4 vindstig á láglendi. Snjór í næsta nágrenni var skaraskán á kollum en 1–2 m djúpir skaflar í gilskorum. Snjór í meðallagi miðað við árstíma.

Athugasemdir: Flóðið átti sér upptök undir Öxl ofan við síldarstöð Ísbjarnarins, áður Hafsild h.f., í Nautabás. Breidd í upptökum um 300 m og um 40 m við veginn. Skriðlengd var um 900 m. Flóðið stöðvaðist að hluta í hlíðinni litlu ofan við veg. Mjó tota rann að tankaþyrpingu verksmiðjunnar og snjór fór á milli þeirra niður á bryggju. Snjór hljóð ofan á jörð.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III 404.
Seyðisfjörður, snjóflóðakönnun 29. desember 1985.
Veðurathugunarbók.
Veðráttan.

Númer: 4072 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fálkagil

Tími: 22.1.1986 12:30

Skýrslu skráði: Jóhann Sveinbjörnsson Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Orsök: Hengja féll og snjór hljóp ofan á eldra lagi.

Tunga: Hæð yfir sjó: 120 m

Flóðið stöðvaðist 100 m frá fjölbýlishúsi.

Braut: seha20aa, rst=8.6.

Veður: Þann 9. til 15. var hláka og miklar rigningar. Frá 15. voru stöðug frost en heldur hlýnaði þann 21. Þann 21. og 22. var mikil snjókoma, -1°C og ANA 2 vindstig (Veðurathugunarbók). Snjódýpt í næsta nágrenni var um 70 cm og er það mikill snjór miðað við árstíma.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Veðráttan.

Númer: 4073 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Miðtangi.

Tími: 23.1.1986

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 1250 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 850 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 75 m

Veður: Þann 23. var frost $2-3^{\circ}\text{C}$ og norðan 3–7 vindstig (Veðurathugunarbók). Snjór í næsta nágrenni í var meðallagi eða um 50 cm. Skafrenningur hátt sem lágt (snjóflóðaskýrsla). Sjá einnig flóð nr. 4072.

Athugasemdir: Jón Sigurðsson kom að flóðinu.

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Árni Stefánsson, Firði.

Númer: 4074 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Hlaupgjá

Tími: 1.2.1988

Skýrslu skráði: Kristján Ágústsson Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 350 m

Upptök: Orsök: Líklega hefur hengja fallið úr Presthömrum.

Upptök í hlíðinni.

Tunga: Hæð yfir sjó: 30 m

Meðalbreidd: 25 m

Braut: sebj31ca, rst=9.3.

Veður: Eftir miðjan janúar og fram til þess 27. var hægviðri og frost. Þann 20. var snjódýpt 52 cm. Eftir 27. hlánar og mikil úrkoma mælist einkum 31. janúar og 1. febrúar (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóði var tilkynnt af Davíð Gunnarssyni og Agli Þ. Ragnarssyni.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4075 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Strandartindur, Borgartangi og víðar.

Tími: 2.2.1988

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1350 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 625 m

Upptök undir klettum.

Tunga: Meðalbreidd: 173 m

Um 20 m ofan vegar.

Veður: Slydda og skafrenningur var til fjalla. Austan kaldi og 2 stiga hiti og snjór var í meðallagi (snjóflóðaskýrsla). Sjá nánar flóð nr. 4076.

Athugasemdir: Snjórinn hljóp á eldra lagi í fjallinu. Fleiri snjóflóð féllu á Ströndinni þessa nótt en mjög miklu minni og runnu stutta vegalengd og hlóðust upp.

Númer: 4076 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 4.2.1988

Skýrslu skráði: Kristján Ágústsson Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1100 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 500 m

Orsök: Hengja féll snjór hljóp ofan á eldra lagi. Skafll myndast á öxl undir klettum þegar skefur af vestan.

Upptök voru undir klettum, sennilega undir Raðarflugum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 10 m

Hluti flóðsins kom niður að Hafsíld, þar sem mjölskemman og vélarhúsið mætast.

Braut: sebj48aa, rst=10.6.

Veður: Snjór í næsta nágrenni var 130 cm. Snjódypt mikil miðað við árstíma. Sjá nánar flóð nr. 4077.

Athugasemdir: Flóðið greindist í tvennt. Innri greinin fór niður Fornastekksgil, rétt við olíutank, og niður fyrir veg. Sú ytri kom niður að Hafsíld þar sem mjölskemman og vélarhús mætast.

— — — — —

Númer: 4077 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 6.2.1988

Skýrslu skráði: Kristján Ágústsson Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1100 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 475 m

Upptök voru í um 450–500 m hæð.

Fallbraut: Breidd: Neðst: 100 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 100 m

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Veður: Frá áramótum var oftast nokkuð frost og vindur hægur af norðri. Þíðukaffli með breytilegri átt var 12.–18. janúar og 27. janúar til 3. febrúar. Þann 6. var N–NV og veðurhæð allt að 9 vindstigum. Snjódypt á Seyðisfirði var 54 cm 2. febrúar og orðin 65 cm þann 4. Í næsta nágrenni við flóðið var hún 150 cm. sem er mikil miðað við árstíma (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Utan við mjölskemmu Hafsíldar fór flóðið í sjó. Það stöðvaðist annars á húsinu og var mjög þunnt.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4080 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Jókugil

Tími: mars 1988

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 200 m

Stöðvaðist rétt fyrir neðan gilkaftinn.

Athugasemdir: Flóðið átti upptök ofan við Jókugil. Það féll ofan í gilið og rann eftir því og stöðvaðist rétt utan við gilkaftinn.

Heimildir: Þorkell Helgason.

Númer: 4078 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur

Tími: 14.2.1988 23:10

Skráning: Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Þykkt: Meðaltal: 5 m

Meðalbreidd: 90 m

Flóðið stöðvaðist milli Fiskvinnslunnar og bragga SR.

Braut: sest05ca, rst=13.9.

Veður: Þann 15. er NA hvassviðri og kafaldsbylur og 36 mm úrkoma mældist á Seyðisfirði. Dagana á undan var hlýtt (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóðið kom úr Hörmungar- og/eða Skuldarlæk. Óvíst hvort tunga úr flóðinu hafi náð niður að sjó en það hlóðst upp á veginum milli Fiskvinnslunnar og bragga SR.

Heimildir: Þ.S. 1999. Snjóflóðaannáll Seyðisfjarðar, bls. 36–37, annálsnúmer=57.

Morgunblaðið. 15/16/19.04.1988.

Veðurathugunarbók.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Árni Stefánsson, Firði.

Númer: 4079 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðir.

Tími: 15.4.1988

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið braut fjárhús, 14 kindur drápuð og 20 var bjargað úr snjónum. Alls voru 80 ær í húsunum.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Veður: Sjá lýsingu við flóð nr. 4078.

Athugasemdir: Auk þessa flóðs á Selsstöðum féll annað nokkru utar í firðinum. Það féll á sama stað og flóð sem braut fjárhús árið 1974.

Heimildir: Morgunblaðið. 16/19.04.1988.

— — — — —

Númer: 4081 Tegund: Krapaflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Innan og ofan við Sunnuver.

Tími: 1990

Skýrslu skráði: Þorsteinn Sæmundsson Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Upptök: Upptök í 100m hæð í gili í klettum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 20 m

Meðalbreidd: 20 m

Flóðið stöðvaðist að mestu á vegi og vatn og krapa runnu út eftir veginum.

Braut: sebj43aa, rst=11.8.

Veður: Mikil rigning var í sólarhring áður en flóðið féll. Töluverður snjór var í fjallinu áður en byrjaði að rigna.

Athugasemdir: Krapaflóð féll innan við Sunnuver. Tunga flæðir út eftir veginum ofan við húsið.

Heimildir: Hallgrímur Jónsson.

— — — — —

Númer: 4082 Tegund: Þurrar lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Grenistangi

Tími: 25/26.2.1990

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.
Meðalbreidd: 40 m

Veður: Snjókoma og skafrenningur á láglendi og til fjalla. Vindur N–NNA og allhvass. Snjór í meðallagi og hiti um frostmark (snjóflóðaskýrsla).

Athugasemdir: Snjór hljóp á jörð. Sigurður og Gunnar Jónssynir komu að og tilkynntu um flóðið.

Númer: 4083 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Borgartangi

Tími: 27.1.1990

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m
Upptök í skál.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.
Meðalbreidd: 70 m

Veður: Snjókoma og skafrenningur var á láglendi og til fjalla. 8 stiga frost og vindur breytilegur, byljóttur og all hvass. Veður kólnandi (snjóflóðaskýrsla).

Athugasemdir: Vilhjálmur Jónsson kom að flóðinu og tilkynnti um það.

Númer: 4084 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Grenistangi

Tími: 17.3.1991 4

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: **Upptök:** Orsök: Rigna tók á nýfallinn snjó.
Upptök í hlíðinni. Hljóp á eldra lagi.

Tunga: Meðalbreidd: 90 m
Flóðið stöðvaðist við veg.

Veður: Rigning, hiti 1 stig og vindur ANA 5 og veður hlýnandi (snjóflóðaskýrsla).

Athugasemdir: Snjóflóð á Grenistanga sem stöðvast við veg. Sigurður Jónsson kom að flóðinu og tilkynnti það.

Númer: 4085 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Miðtangi

Tími: 17.3.1991

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið sleit raflínu og braut 2 raflínustaura.

Lýsing: Stærðarfl.: 4 Lengd: 500 m

Upptök: Orsök: Rigna tók í nýfallinn snjó.

Upptökin voru í stórri kvos undir klettum og ofarlega í hlíð.

Tunga: Meðalbreidd: 150 m

Flóðið stöðvaðist við veg.

Veður: Sjá flóð nr. 4084.

Athugasemdir: Sigurður Jónsson kom að flóðinu og tilkynnti það.

— — — — —

Númer: 4086 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, gil ofan við Neptún

Tími: 17.3.1991 4

Skýrslu skráði: Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 600 m

Upptök: Orsök: Rigna tók í nýfallinn snjó.

Upptök voru í brattri hlíð.

Tunga: Meðalbreidd: 50 m

Flóðið stöðvaðist á vegi við Neptún.

Braut: sest10aa, rst=10.6.

Veður: Sjá flóð nr. 4084.

Athugasemdir: Sigurður Jónsson kom að flóðinu og tilkynnti það.

— — — — —

Númer: 4101 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 24.1.1993

Skýrslu skráði: Hallgrímur Jónsson Teg. skýrslu: 2 Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið féll á mjölskemmu Hafsildar og skekkti hana.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Hæð yfir sjó: 7 m

Þykkt: Mest: 4.5 m

Meðalbreidd: 125 m

Braut: sebj48aa, rst=10.6.

Veður: Mest allan mánuðinn var nokkurt frost og vindur SV-lægur. Snjóþýpt jókst er leið á mánuðinn og 22. mars var hún orðin 72 cm (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Skemma Hafsíldar náði að stöðva flóðið.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4087 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Annað gil innan við Fornastekksgil.

Tími: 20.2.1995

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 150 m Breidd: 20 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 20 m Neðst: 20 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m
Meðalbreidd: 20 m

Braut: sebj45aa, rst=9.3.

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Frumheimild er uppdráttur frá bæjarskrifstofu Seyðisfjaraðarbæjar sem er í varðveitt í snjóflóðamöppu á Veðurstofunni. Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur Seyðisfirði, gerði uppdráttinn.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4088 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Fornastekksgil.

Tími: 20.2.1995

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 100 m Breidd: 75 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 80 m Neðst: 70 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m
Meðalbreidd: 70 m

Braut: sebj46aa, rst=9.5.

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Frumheimild sama og fyrir flóði nr. 4087.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4089 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Stafdalur.

Tími: 27.2.1995

Skýrslu skráði: Þorsteinn Sæmundsson Útlína: Ónákvæm

Tjón: Skíði týndust.

Lýsing: Upptök: Orsök: Skíðamaður kom flóðinu af stað.
Brotalína var um 100 m frá lyftustaur nr. 9.

Tunga: Meðalbreidd: 100 m

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Flóðið var utan troðinna brauta í svokallaðri Austurríkisbrekku. Heimild um flóðið er einnig að finna í lögregluskýrslu frá sýslumanninum á Seyðisfirði 28. febrúar 1995. Þar kemur fram að flóð hafi fallið tvívegis á svæðinu árið áður. Þá undan troðara.

Heimildir: DV.

Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4090 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjölfur, hlíðin ofan við Liverpool
Innan við farfuglaheimilið Hafölduna.

Tími: 2.3.1995 12:30

Skýrslu skráði: Þorsteinn Sæmundsson Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Hæð yfir sjó: 575 m Breidd: 250 m

Breidd er mæld þvert á hlíð í 415 m hæð þar sem flóðin eru breiðust. Upptökin voru í hlíðinni utan við Kálfabotn.

Fallbraut: Breidd: Efst: 100 m Neðst: 100 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 5 m

Þykkt: Meðaltal: 1 m

Meðalbreidd: 55 m

Flóðið rann niður undir sjó rétt innan við farfuglaheimilið Hafölduna.

Braut: sebj41aa, rst=11.8.

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Til er teikning af flóðinu frá bæjarskrifstofu Seyðisfjarðabæjar sem dregin er af Sigurði Jónssyni, bæjarverkfræðingi. Breidd á flóðinu við veg var um 30 m. Þykkt flóðsins við veg um 1 m. Samkvæmt teikningu Kristjáns Jónassonar og Þorsteins Arnalds virðist breidd flóðsins við veg vera um 90 m. Ennfremur þá er breidd tungu 60 m og þykkt 1–1.5 m skv. Morgunblaðinu og skv. Tímanum var flóðið 50 m breitt og 1.5 m þykkt.

Heimildir: Morgunblaðið. 7.3.1995.
Tíminn. 7.3.1995.
Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4103 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Á Vestdal.

Tími: 9.3.1995

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Fimm flóð munu hafa fallið á Vestdal. Tvö féllu neðan Sandhólatinds ofan við Vestdalseyrina og þrjú úr Vestdalshlíð Bjólfs (DV). Rýmt hafði verið vegna snjóflóðahættu á Seyðisfirði en hættu var aflýst þann 7. (Mbl).

Heimildir: DV. 9.3.1995.
Morgunblaðið. 7.3.1995.

— — — — —

Númer: 4091 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 17.3.1995 11

Skýrslu skráði: Þorsteinn Sæmundsson Útlína: Örugg

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 500 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.7 m
Skv. uppdrætti eru upptökin í gilskoru í Raðarflugum.

Fallbraut: Breidd: Efst: 250 m Neðst: 150 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Flóðið greindist í tvennt og innri hluti féll út í sjó. Ytri hluti stöðvaðist í 60 m hæð.

Braut: sebj45aa, rst=10.5.

Veður: Sjá veðurlýsingu við flóð nr. 4092.

Athugasemdir: Flóðið fór á sjó út innan við Fornastekk en utar stöðvaðist það ofan vegar. Ekki er sagt frá þessu flóði í blöðum eða annarsstaðar. Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur, mældi flóðið með landmælingatækjum.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4092 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás

Tími: 19.3.1995 15:30

Skýrslu skráði: Þorsteinn Sæmundsson Útlína: Öruggr

Tjón: Ellefu manns sluppu naumlega. Mjölskemma Vestdalsmjöls gjöreyðilagðist og verk-smiðjuhúsið gaf sig að hluta og hálfylltist af snjó.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 450 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 2.1 m Mest: 2.25 m

Innan ytri marka upptakasvæðisins virðist vera önnur brotlína, um 0.5 m á þykkt.

Fallbraut: Breidd: Efst: 450 m Neðst: 250 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 250 m

Flóðið greindist og tvær tungur fóru í sjó við Vestdalsmjöl. Þriðja tungan, sem var utar, stöðvaðist nokkru ofan við veg.

Braut: sebj48aa, rst=11.0.

Veður: Fyrri hluta febrúar var hiti oftast undir frostmarki en vindátt breytileg. Þann 19. mældist 57 mm úrkoma og var snjódýpt orðin 62 cm. Fram til þess 27. voru hægar N- til V-lægar áttir og þann 27. var snjódýpt orðin 65 cm. Áfram hélst frost og svipað veður og 2. mars mældist snjódýpt 75 cm. Þann 9. var snjódýpt orðin 90 cm veður svipað. Mikil úrkoma var 17.–19. mars og þann 19. mældist 122 cm snjódýpt (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Þykkt tungu var margir metrar (dagblöð). Talað var um að mörg flóð hafi fallið úr Bjólfi þennan dag. Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur, mældi flóðið með landmælingatækjum.

Heimildir: Austri. 23.3.1995.

Austurland. 23.3.1995.

Morgunblaðið. 21.3.1995.

Veðurathugunarbók.

DV. 20.3.1995.

— — — — —

Númer: 4093 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool

Innan við Króarhrygg.

Tími: 1996

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Tunga: Hæð yfir sjó: 58 m
Um 100 m ofan vegar.

Braut: sebj42aa, rst=8.5.

Athugasemdir: Heimildir eru litlar um þetta flóð.

Númer: 4094 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool
Innan við Króarhrygg.

Tími: 1996

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m
Um 100 m ofan vegar.

Braut: sebj42aa, rst=8.6.

Athugasemdir: Heimildir eru litlar um þetta flóð en það er talið upp á lista Kristjáns Jónasonar um snjóflóð á Seyðisfirði frá 1997.

Númer: 4095 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur

Tími: 18.1.1997

Skráning: Útlína: Örugg Fylgigögn: Kort.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 660 m Breidd: 200 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.7 m
Breidd fallbrautar var mest um 100 m.

Fallbraut: Breidd: Efst: 350 m Neðst: 450 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 20 m
Þykkt: Meðaltal: 0.8 m Mest: 2 m
Meðalbreidd: 80 m Lengd: 300 m
Flóðið stöðvaðist við veg.

Braut: sebj47aa, rst=10.1.

Veður: Hiti var oftast undir frostmarki í janúar og norðlægar áttir. Þann 17. snérist vindur til S- og SV-lægra átta með mikilli snjókomu. Snjókýpt mældist 105 cm þann 18. Þann 19. er úrkomulaust og hláka (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Flóðið átti upptök undir Raðarflugum. Það stöðvaðist að mestu í um 100 m hæð en mjó tunga fór niður undir veg beint ofan við þar sem lýsistankar Hafsíldar voru. Ekki er til skýrsla um þetta flóð en Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur, mældi það með landmælingatæki.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4096 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool
Rétt innan við Króarhrygg.

Tími: 19.1.1997

Skráning: Útlína: Örugg Fylgigögn: Kort.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m Breidd: 35 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.3 m Mest: 0.5 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 30 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 120 m
Lengd: 230 m

Braut: sebj41aa, rst=8.2.

Veður: Sjá flóð nr. 4095.

Athugasemdir: Snjóflóð féll ofan við farfuglaheimilið Hafölduna. Ekki er til skýrsla um þetta flóð en Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur, mældi það með landmælingatæki.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4102 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur ytri.

Tími: 7.1.1999

Skýrslu skráði: Hallgrímur Jónsson Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 300 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 100 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 3 m Mest: 6 m
Við kletta.

Fallbraut: Breidd: Efst: 100 m Neðst: 112 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 650 m

Þykkt: Meðaltal: 2.5 m Mest: 3.3 m

Meðalbreidd: 100 m

Veður: Þann 7. var um 5 stiga frost, vindur af SV og snjódýpt 50 cm. Mikil úrkoma var frá 30. desember til 5. janúar og hiti yfir frostmarki (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Snjóflóð féll úr Bjólfstindi út á stallinn ofan við Brún. Farvegur var opinn og tunga blönduð kögglum.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4105 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Stafdalur.

Tími: 14.4.1999

Skráning: Útlína: Öruggr Fylgigögn: Ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Fram til 10. apríl var hiti oftast yfir frostmarki. Þá kólnaði og þann 13. var hvasst af NV. Þann 14. var snjódýpt 60 cm (veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Aðeins eru til ljósmyndir af flóðinu en það féll á Stafdal (J.G.E.). Dagsetning er skv. ljósmynd svo einhverju getur skeikað. Flóðið féll austan við mælistiku.

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Jón Gunnar Egilsson.

Númer: 4097 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 19.4.1999

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Loftmynd, ljósmyndir, kort með GPS mælingu.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Uppþök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 70 m
Brotlína var undir kettum.

Tunga: Hæð yfir sjó: 660 m
Flóðið stöðvaðist á hólum ofan við Brún.

Braut: sebj31ba, rst=12.2.

Veður: Frá þeim 14. (sjá flóð nr. 4105) var frost og N- til NV-lægar áttir. Þann 16 var hvasst. Þann 19. snéri til S-lægra átta og snjódypt mældist 66 cm (Veðurathugunarbók).

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4106 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 25.4.1999

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Útlína: Öruggr Fylgigögn: Kort, ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 200 m Mælt úthl.horn (α): 33 °

Upptök: Hæð yfir sjó: 860 m Breidd: 90 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.3 m
Upptök voru við kletta.

Fallbraut: Breidd: Efst: 100 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 740 m
Þykkt: Meðaltal: 2 m Mest: 3 m
Meðalbreidd: 130 m

Braut: sebj32aa, rst=7.1.

Veður: Þann 21. apríl hlánaði og átt var SA-læg. Sjó tekur upp og þann 25. var snjódypt 27 cm (Veðurathugunarbók). Sjá nánar flóð nr. 4097.

Athugasemdir: Lítið flóð úr Bjólfstindi fremri ofan við Haug. Það stöðvaðist í brekkufæti í 740 m hæð.

Númer: 4107 Tegund: Vott lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur.

Tími: 11.5.1999

Skráning: Útlína: Ónákvæm Fylgigögn: Ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 1

Upptök: Upptök voru undir klettum.

Tunga: Flóðið stöðvaðist í hlíðinni.

Veður: Hlýtt, úrkomulítið og nær og snjólaust á láglendi eftir 7. maí.

Athugasemdir: Margar spýjur féllu úr Bjólfstindi. Dagsetning er skv. ljósmyndum svo einhverju kann að skeika. Dæmigerðar vorspýjur.

Heimildir: Veðurathugunarbók.
Emil Tómasson.

Númer: 4114 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 7.1.2000

Skýrslu skráði: Hallgrímur Jónsson Útlína: Öruggi Fylgigögn: Kort.

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 300 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 100 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.3 m Mest: 0.6 m
Upptök voru við kletta.

Fallbraut: Breidd: Efst: 100 m Neðst: 112 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 650 m
Þykkt: Meðaltal: 2.5 m Mest: 3.3 m
Meðalbreidd: 100 m
Flóðið stöðvaðist á hólunum fyrir ofan Bjólfsbrún.

Braut: sebj31ba, rst=12.7.

Veður: Frost var eftir áramótin og hægur V- til NV-lægur vindur. Þann 7. var hvasst af N og 39 mm úrkoma. Snjódýpt mældist 81 cm (Veðurathugunarbók).

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4108 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 21.2.2000

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Öruggi Fylgigögn: Kort,
ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 350 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 100 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 760 m
Þykkt: Meðaltal: 0.3 m Mest: 0.7 m
Meðalbreidd: 30 m Lengd: 25 m Rúmmál: 1200 m³
Flóðið stöðvaðist í brekkufæti hjallans ofan við Brún, nánar tiltekið milli stika seek02 og seek03. Það hreif með sér snjósmælistiku sebj01.

Braut: sebj31ba, rst=8.3.

Veður: Sjá flóð nr. 4115.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4109 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool
Ofan við farfuglaheimilið.

Tími: 27.2.2000

Skráning: Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg Fylgigögn: Kort, ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Upptök flóðsins voru óviss en gætu hafa verið við Langaklettabelti í 300–400 m hæð.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 4 m Efst: 40 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 30 m

Þykkt: Meðaltal: 1.75 m

Meðalbreidd: 18 m Lengd: 40 m Rúmmál: 1200 m³

Tunga stöðvaðist um 20 m frá vegi.

Braut: sebj42aa, rst=9.0.

Athugasemdir: Um nokkur flóð er að ræða þar sem tvö eiga upptök sitt hvoru megin við Króarhrygg og tvö innan við Fornastekk. Þau eru færð á þrjú númer og lýsing á veðri við flóð nr. 4115. Flóðin voru tilkynnt af Ólafi Sigurðssyni, bæjarstjóra.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4112 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Flatafjall.

Tími: 27.2.2000

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg Fylgigögn: Kort, ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Breidd: 100 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 170 m

Braut: sebj43aa, rst=8.4.

Athugasemdir: Smáflóð á Flatafjalli rétt við Króarhrygg. Sjá nánar flóð nr. 4009 og veðurlýsingu við flóð nr. 4115.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4113 Tegund: Vott flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, Fornistekkur
Flatafjall.

Tími: 27.2.2000

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 135 m

Braut: sebj45aa, rst=8.6.

Athugasemdir: Flóð á Flatafjalli nokkuð innan við Fornastekk. Tví- eða þríklofin tunga á sama flóði eða tvö þar sem hið innra var mjög lítið. Sjá nánar flóð nr. 4009 og veðurlýsingu við flóð nr. 4115.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4115 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: feb 2000

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Hæð yfir sjó: 640 m

Meðalbreidd: 200 m

Stika seek02 fór í kaf. Flóðið stöðvast í brekkufæti ofan við Brún.

Braut: sebj36aa, rst=8.1.

Veður: Hiti sveiflaðist í kringum frostmark allan mánuðinn og vindátt var breytileg. Stöðugt bætti á snjó og 21. febrúar var snjódýpt orðin 83 cm. Þann 27. var snjódýpt 91 cm og þann 28. 127 cm (Veðurathugunarbók).

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4131 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Bjólfstindur fremri.

Tími: 28.3.2000

Skráning: Fylgigögn: Ljósmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Veður: Sjá flóð nr. 4115.

Athugasemdir: Snjóflóðið er staðsett eftir ljósmynd Emils Tómassonar. Skýrsla var ekki skráð.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4116 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 2.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg
Fylgigögn: Ljósmyndir, GPS uppráttur, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Tunga: Hæð yfir sjó: 660 m

Meðalbreidd: 20 m Lengd: 150 m

Flóðið stöðvaðist á Brún ofan fremsta hluta Kálfabotns.

Braut: sebj36aa, rst=13.8.

Veður: Sjá flóð nr. 4117.

Athugasemdir: Flóðið féll úr Bjólfstindi fremri og stöðvaðist á Bjólfsbrúninni. Emil Tómasson og Guðmundur Helgi Sigurðsson sáu ummerki þess og jafnvel fleiri flóða þegar þeir voru á ferð til að mæla flóð nr. 4117 sem féll litlu utar.

Númer: 4118 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Bjólfstindur fremri.

Tími: 3.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmyndir, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 1200 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 1200 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 550 m
Um 200 m breið tunga féll út á Haugsmýrar.

Veður: Sjá flóð nr. 4117.

Athugasemdir: Flóðið féll úr suðaustur hlíð fremri Bjólfstinds. Þetta gætu hafa verið fleiri smærri flóð sem skarast.

— — — — —

Númer: 4119 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Strandartindur, Búðará
Ytri-Dagmálabotn.

Tími: 3.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Upptök voru í klettum í skálinni rétt innan við Strandartind.

Tunga: Hæð yfir sjó: 480 m
Meðalbreidd: 150 m

Braut: sest11aa, $\beta = 20.0^\circ$, $\theta = 29.6^\circ$, rst=12.9.

Veður: Sjá flóð nr. 4117.

Athugasemdir: Flóðin voru tvö og það innra var mun stærra og var það er mælt í braut.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

— — — — —

Númer: 4130 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 3.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmyndir, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 100 m

Braut: sebj36aa.

Veður: Sjá flóð nr. 4117.

Athugasemdir: Flóðið féll á horninu fremst í Bjólfstindi fremri.

— — — — —

Númer: 4117 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool
Bjólfstindur fremri.

Tími: 6.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg
Fylgigögn: Ljósmyndir, GPS mæling, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 550 m Mælt úthl.horn (α): 22°

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 90 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 2 m Mest: 2.5 m
Neðan við kletta.

Fallbraut: Breidd: Efst: 90 m Neðst: 90 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 650 m

Þykkt: Mest: 3 m

Meðalbreidd: 110 m Lengd: 100 m Rúmmál: 1000 m³

Snjóflóðið fór yfir hábungu hryggjarins á hjallanum ofan við Brún beint upp af Kálfabotni.

Braut: sebj31ba, rst=14.8.

Veður: Síðustu daga desember og fyrstu daga janúar var hiti undir frostmarki. Vindátt var N- til NA-læg og bætti ört á snjó. 31. desember var snjódýpt 34 cm en fór í 105 cm 8. janúar (Veðurathugunarbók).

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4120 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Jókugil

Tími: 8.1.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Óviss Fylgigögn: Loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 205 m
Flóðið stöðvaðist rétt fyrir neðan gilkaftinn.

Braut: sebj32ca, rst=8.7.

Veður: Sjá flóð nr. 4117.

Númer: 4121 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Neðri-Stafur.

Tími: 12.2.2001 kl 24

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Óviss Fylgigögn: Ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Athugasemdir: Gunnþór Jónasson kom að flóðinu.

— — — — —

Númer: 4122 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Búðará
Ytri-Dagmálalætur.

Tími: 1.3.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 800 m

Þrjú smáflóð féllu í Ytri-Dagmálalætu með upptök við brún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 700 m

Flóðin stöðvuðust í miðri brekku.

Braut: sest12aa.

Veður: Sjá flóð nr. 4124.

Athugasemdir: Flóðin voru um miðjan og innanverðan Ytri-Dagmálalætu. Einnig féllu smáspýjur úr Strandartindi.

— — — — —

Númer: 4123 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Strandartindur, Dagmálalætur
Fremri-Dagmálalætu.

Tími: 1.3.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmyndir.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 800 m

Tunga: Flóðin stöðvuðust í brekkufæti í Fremri-Dagmálalætu.

Veður: Sjá flóð nr. 4124.

Athugasemdir: Þrjú flóð féllu í Fremri-Dagmálalætu. Þau stöðvuðust í brekkufæti í um 700 m hæð.

Númer: 4124 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Bjólfur, Fálkagil

Tími: 4.3.2001 12:40

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm Fylgigögn: Kort, ljósmynd, loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 550 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 50 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 120 m
Meðalbreidd: 25 m

Braut: sebj33aa, rst=8.2.

Veður: Vindur var ANA 12.3 m/s og hiti -1.9°C á Seyðisfirði. Á Fjarðarheiði var vindur ANA 16.6 m/s og hiti -5.8°C (snjóflóðaskýrsla). Frost var frá 20. febrúar og í byrjun mánaðarins var rúmlega 20 cm snjódýpt á Seyðisfirði (Veðurathugunarbók).

Athugasemdir: Samkvæmt ljósmynd var lítill snjór í fjallinu og svo virðist sem flóðið hafi að mestu farið yfir auða jörð. Það átti upptök í klettum ofan Fálkagils og féll milli þess og Jókugils í fyrstu en síðan ofan í Fálkagilið. Sigfinnur Mikaelsson, Hafnargötu 10, og Jóhanna Gísladóttir, Botnahlíð 8, tilkynntu um flóðið. Þetta var um svipað leyti og flóð féllu við Brekku og Kastala í Mjóafirði.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Númer: 4125 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Grýta.

Tími: 28.3.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Óviss Fylgigögn: Ljósmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Upptök voru í efstu klettum.

Tunga: Flóðið féll niður á Skógarhjalla og ytra flóðið fram af honum niður undir tún.

Veður: Sjá flóð nr. 4129.

Athugasemdir: Flóð féllu úr tveimur stórum giljum Grýtu skammt innan við Selsstaði. Innra gilið er sama gil og stór aurskriða féll úr 1985.

Númer: 4126 Tegund: Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Selsstaðabrekkur í Brimnesfjalli.

Tími: 29.3.2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm
Fylgigögn: Ljósmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Upptök voru við brún.

Tunga: Flóðið fór langleiðina fram á bakka.

Veður: Sjá flóð nr. 4129.

Númer: 4127 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Skíðasvæðið á Stafdal.

Tími: 29.3.2001 17:15

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Örugg

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 2

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 170 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 740 m Breidd: 380 m

Þykkt brotlínu: Mest: 2.3 m

Orsök: Brettastrákar komu flóðinu af stað.

Upptök voru í miðri hlíð.

Fallbraut: Breidd: Efst: 380 m Neðst: 390 m

Veður: Vindur var NV 2.3 m/s og hiti -5.2°C á Seyðisfirði og hlýnandi. Á Fjarðarheiði var vindur NV 1 m/s og hiti -8°C . Sjá nánar flóð nr. 4129.

Athugasemdir: Strákarnir bárust með flóðinu nokkra leið en sluppu ómeiddir. Gunnþór Jónsson tilkynnti um flóðið og Emil Tómasson og Guðmundur Sigfússon mældu það með GPS mælitækni. Snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Oddskarði þann 31. mars.

Númer: 4128 Tegund: Snjóflóð

Staðsetning: Seyðisfjörður utan þéttbýlis
Vestdalur, Breiðarák.

Tími: 31.3.2001 16:20

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Óviss

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Upptök: Upptök sáust ekki vegna þoku.

Tunga: Hæð yfir sjó: 250 m

Meðalbreidd: 65 m

Veður: Þegar flóðið féll var vindur VNV 1.4 m/s og 2.8°C hiti. Sjá nánar lýsingu við flóð nr. 4129.

Athugasemdir: Flóðið féll á Vestdal þar sem Breiðarák er. Jóhanna Gísladóttir og Anna Maren Sveinbjörnsdóttir voru á göngu og heyrðu í því. Þoka var og upplýsingar eru því af skornum skammti.

— — — — —

Númer: 4129 Tegund: Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool

Bjólfstindur ytri.

Tími: apr 2001

Skýrslu skráði: Emil Tómasson Teg. skýrslu: 1 Útlína: Ónákvæm

Fylgigögn: Ljósmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 2 Lengd: 400 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 900 m Breidd: 50 m

Upptök voru undir klettum.

Fallbraut: Breidd: Efst: 50 m Neðst: 50 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 670 m

Meðalbreidd: 50 m

Flóðið stöðvast á hólunum ofan við Brún.

Braut: sebj31ba, rst=10.9.

Veður: Seinni hluta mars fram til þess 30. var frost. Þá hlýnaði og snjó tók nokkuð upp.

Athugasemdir: Ummerki flóðsins voru óljós og líkur eru á að annað flóð hafi fallið innar.

Heimildir: Veðurathugunarbók.

Lokaorð

Höfundar þessarar snjóflóðasögu vilja þakka öllum sem hafa aðstoðað við öflun heimilda til hennar og verið hjálplegir við aðra þætti verksins. Sérstakar þakkir fá Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum, Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur á Seyðisfirði, Emil Tómasson, snjóathugunarmaður, og Hallgrímur Jónsson, fyrrverandi snjóathugunarmaður, fyrir mikla aðstoð við heimildaöflun. Annáll sem þessi er ekki tæmandi. Við hvetjum fólk sem les annálinn til þess að hafa samband við Veðurstofuna ef það býr yfir frekari vitneskju sem að gagni gæti komið.

Heimildir

- Árni Stefánsson. 1988. *Snjóflóð og skriðuföll á Seyðisfirði*. Samantekt helstu ofanflóða-atburða. *Dagblaðið*. Reykjavík.
- Gunnlaugur Jónasson. 1975. *Skýrsla um snjóflóð og snjóflóðahættu á landsvæði Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Skýrsala samin að tilhlutan bæjarstjórans á Seyðisfirði.
- Haraldur Guðmundsson. 1955. *Snjóflóðið mikla á Seyðisfirði þann 18. febrúar 1885*.
- Harpa Grímsdóttir. 1997. *Byggingaár húsa á Seyðisfirði*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands. VÍ-G97016-ÚR12.
- Kristján Ágústsson. 1988. *Könnun snjóflóðahættu á Seyðisfirði*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands.
- McClung, D. and P. Schaerer. 1993. *The avalanche handbook*. Seattle, The Mountaineers. *Meteorologisk Aarbog*. Kaupmannahöfn, danska Veðurstofan.
- Morgunblaðið*. Reykjavík.
- Ólafur Jónsson, Jóhannes Sigvaldason, Halldór G. Pétursson og Sigurjón Rist. 1992. *Skriðuföll og snjóflóð, III*. Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Seyðisfjörður. Snjóflóðakönnun 29.12.1985*. Feb. 1986. Almannavarnir Ríkisins, Hönnun h.f., Veðurstofa Íslands.
- Sigrún Karlsdóttir. 2002. *Veður í aðdraganda snjóflóðahrina á Seyðisfirði*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands. Greinargerð 02006.
- Veðráttan*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands.
- Veðurathugunarbækur*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands.
- Þóra Guðmundsdóttir. 1995. *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Seyðisfjörður, Safnastofnun Austurlands, Seyðisfjarðarkaupstaður.
- Þorsteinn Arnalds. 1997. *Skipulag tölvutækra snjóflóðagagna*. Reykjavík, Veðurstofa Íslands, VÍ-G97042-ÚR31.

Heimildarmenn

Anna María Haraldsdóttir, Miðtúni 9, Seyðisfirði.

Árni Stefánsson, Firði.

Emil Tómasson, snjóeftirlitsmaður, Seyðisfirði.

Guðlaugur Jónsson, Sunnuvegi 33, Reykjavík.

Guðmundur Gíslason, Fífuhjalla 11, Kópavogi.

Hallgrímur Jónsson, fyrrv. snjóathugunarmaður, Seyðisfirði.

Hermann Þórisson, Túngötu 37, Reykjavík.

Hjálmar J. Níelsson, Garðsvegi 8, Seyðisfirði.

Jóhann Sveinbjörnsson, bæjargjaldkeri Seyðisfirði.

Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

María Jónsdóttir, Tjarnargötu 43, Reykjavík.

Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri Seyðisfirði.

Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur Seyðisfirði.

Viðauki A: Númer flóða

Snjóflóðsnúmer, blaðsíða

4000, 32	4026, 45	4052, 56	4078, 68	4106, 79
4001, 32	4027, 46	4053, 56	4079, 68	4107, 79
4002, 33	4028, 46	4054, 57	4080, 68	4108, 80
4003, 33	4029, 47	4055, 57	4081, 69	4109, 81
4004, 33	4030, 47	4056, 57	4082, 69	4111, 42
4005, 34	4031, 47	4057, 58	4083, 70	4112, 81
4006, 35	4032, 48	4058, 58	4084, 70	4113, 82
4007, 35	4033, 48	4059, 58	4085, 70	4114, 80
4008, 36	4034, 52	4060, 59	4086, 71	4115, 82
4009, 37	4035, 49	4061, 59	4087, 72	4116, 83
4010, 38	4036, 50	4062, 60	4088, 72	4117, 85
4011, 38	4037, 50	4063, 60	4089, 73	4118, 83
4012, 39	4038, 49	4064, 61	4090, 73	4119, 84
4013, 39	4039, 50	4065, 61	4091, 74	4120, 85
4014, 39	4040, 51	4066, 61	4092, 75	4121, 85
4015, 40	4041, 51	4067, 62	4093, 75	4122, 86
4016, 40	4042, 52	4068, 62	4094, 76	4123, 86
4017, 41	4043, 52	4069, 63	4095, 76	4124, 87
4018, 41	4044, 53	4070, 63	4096, 77	4125, 87
4019, 42	4045, 53	4071, 64	4097, 78	4126, 88
4020, 43	4046, 53	4072, 65	4098, 44	4127, 88
4021, 43	4047, 54	4073, 65	4101, 71	4128, 88
4022, 43	4048, 55	4074, 66	4102, 77	4129, 89
4023, 44	4049, 55	4075, 66	4103, 74	4130, 84
4024, 44	4050, 55	4076, 67	4104, 63	4131, 82
4025, 45	4051, 56	4077, 67	4105, 78	9666, 31

Viðauki B: Yfirlit flóðadaga

Dagsetning	Farvegur/staðsetning
25.1.1732	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Brimnes
18.2.1803	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðavík
19.11.1848	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Vestdalur
15.10.1869	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðabrekkur, Brimnesfjall
13/14.1.1882	Seyðisfjörður. Bjólfur
13.1.1882	Bjólfur, Hlaupgjá; Bjólfur, neðan við Kálfabotn
2.2.1885	Bjólfur, Fornistekkur
8.2.1885	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
18.2.1885	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool; Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás; Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðavík
29.1.1890	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Hánefsstaðafjall
27–31.10.1892	Seyðisfjörður
31.1.1894	Bjólfur, Hlaupgjá; Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Vestdalsland; Dvergasteinn; Selsstaðavík
Um miðjan apríl 1899	Strandartindur, Imslandsgil
um 1900	Bjólfur, frá Jókugili út að Fálkagili
21.2.1904	Bjólfur, Fornistekkur; Við Hjarðarholt.; Við Bræðraborg.; Strandartindur, Ytri-Hádegisá; Strandartindur, Hæðarlækur. Hæðarlækur; Bjólfur, Hlaupgjá; Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur
4.12.1909	Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás
3.3.1912	Seyðisfjörður. Bjólfur; Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool
ágúst 1912	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Vestdalsfjall
3.2.1914	Bjólfur, Fornistekkur
22–28.3.1914	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Ströndin utan Búðareyrar.; Brimnes og víðar
24.4.1919	Strandartindur, innan við Grenistanga að Stöðvarlæk
1928	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
1930–1943	Strandartindur, Þófalækur
13.1.1930	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Utan við Vestdalseyri; Ströndin
1935–1937	Bjólfur, frá Jókugili út að Fálkagili. Ofan við Einstigsjaðar
1938–1940	Bjólfur, Jókugil
22.2.1941	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Utan við Vestdalseyri
19.3.1946	Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool. Bræðraborg
1951	Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool

Dagsetning	Farvegur/staðsetning
á þorra 1960	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Vestdalur, Sandhólatindur
1–3.3.1960	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Grenistangi
22/23.2.1966	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Miðtangi
27.3.1967	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás; Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Sandhólatindur
5.4.1973	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Grenistangi; Strandartindur, Borgartangi; Strandartindur, Miðtangi
4.2.1974	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Borgartangi; Strandartindur, Miðtangi
8–12.2.1974	Bjólfur, utan við Liverpool og út í Nautabás
12.2.1974	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Skollabotnar, Hánefsstaðafjalli
15.2.1974	Strandartindur, gil ofan við Neptún; Strandartindur, Þófalækur
18.3.1974	Strandartindur, Miðtangi
19.3.1974	Strandartindur, Borgartangi
20.12.1974	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðir; Brimnes og víðar
15.1.1975	Bjólfur, Fornistekkur
26.4.1977	Strandartindur, gil ofan við Neptún; Strandartindur, Strandarlækur; Strandartindur, Borgartangi; Strandartindur, Grenistangi; Strandartindur, Grjótgarðar; Strandartindur, Miðtangi
28.3.1978	Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur; Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Miðtangi; Strandartindur, Borgartangi; Strandartindur, Grenistangi
26.12.1985	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
22.1.1986	Bjólfur, Fálkagil
23.1.1986	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Miðtangi
1.2.1988	Bjólfur, Hlaupgjá
2.2.1988	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Strandartindur, Borgartangi og víðar
4.2.1988	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
6.2.1988	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
mars 1988	Bjólfur, Jókugil
14.2.1988	Strandartindur, Hörmungar- og Skuldarlækur
15.4.1988	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðir
1990	Bjólfur, Fornistekkur. Innan og ofan við Sunnuver
25/26.2.1990	Strandartindur, Grenistangi
27.1.1990	Strandartindur, Borgartangi
17.3.1991	Strandartindur, gil ofan við Neptún; Strandartindur, Grenistangi; Strandartindur, Miðtangi

Dagsetning	Farvegur/staðsetning
24.1.1993	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
20.2.1995	Bjólfur, Fornistekkur. Annað gil innan við Fornastekksgil.; Fornastekksgil
27.2.1995	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Stafdalur
2.3.1995	Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool. Innan við farfuglaheimilið Hafölduna.
9.3.1995	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Á Vestdal
17.3.1995	Bjólfur, Fornistekkur
19.3.1995	Bjólfur, hlíðin ofan við Nautabás
1996	Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool. Innan við Króarhrygg
18.1.1997	Bjólfur, Fornistekkur
19.1.1997	Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool. Rétt innan við Króarhrygg
7.1.1999	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur ytri
14.4.1999	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Stafdalur
19.4.1999	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
25.4.1999	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
11.5.1999	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur.
7.1.2000	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
21.2.2000	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
27.2.2000	Bjólfur, Fornistekkur. Flatafjall.; Bjólfur, hlíðin ofan við Liverpool. Ofan við farfuglaheimilið.
feb 2000	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
28.3.2000	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Bjólfstindur fremri.
2.1.2001	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
3.1.2001	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.; Strandartindur, Búðará. Ytri-Dagmálabotn.; Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Bjólfstindur fremri
6.1.2001	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur fremri.
8.1.2001	Bjólfur, Jókugil
12.2.2001	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Neðri-Stafur
1.3.2001	Strandartindur, Búðará. Ytri-Dagmálabotn; Strandartindur, Dagmálalækur. Fremri-Dagmálabotn.
4.3.2001	Bjólfur, Fálkagil
28.3.2001	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Grýta
29.3.2001	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Selsstaðabrekkur í Brimnesfjalli; Skíðasvæðið á Stafdal
31.3.2001	Seyðisfjörður utan þéttbýlis. Vestdalur, Breiðarák
apr 2001	Bjólfur, frá Skaga út að Liverpool. Bjólfstindur ytri.

Viðauki C: Athugasemdir um stórflóðið 1885

Sagnir um að tunga úr stóra snjóflóðinu 1885 hafi farið niður í Fjarðará rétt innan við Fjörð hafa valdið nokkrum umræðum. Í stuttu máli þá er staðan sú að hvorki hafa fundist ritaðar samtímaheimildir né öruggar heimildir beint hafðar eftir fólki sem upplifði atburðinn sem styðja þetta. Hins vegar eru nokkrir sem hafa heyrt um að flóð hafi náð niður í Fjarðará framan við Fjörð án þess að vita nákvæmlega hvar og hvenær. Árni Stefánsson, Firði, hefur eftir afa sínum, Haraldri Guðmundssyni, að þessi tunga hafi fallið rétt framan við Fjörð og farið ofan í Seyðisfjarðará og náð út með ströndinni að húsi sem heitir Ós. Rétt er að geta þess að ferjuskúr sem stóð við árósin var einnig kallaður Ós. Eins og kunnugt er þá lenti Haraldur í snjóflóðinu og ritaði greinargóða lýsingu á því árið 1955.

Ef farið er lauslega yfir þær upplýsingar sem unnt er að fá um þessi atriði, þá er fyrst að geta ritsins „Skriðuföll og snjóflóð“ eftir Ólaf Jónsson o.fl. (1992). Ólafur fór yfir allar samtímaheimildir og getur þess aðeins að flóðið hafi fallið úr hlíð Bjólfs frá Jókugili og út fyrir Hlaupgjá. Það hafi byrjað í Kálfabotni en breikkað er neðar dró. Giskar Ólafur á að flóðið hafi verið allt að 600 m breitt. Sigmundur Long tiltekur sama svæði í dagbók sinni. Haraldur Guðmundsson, Firði, ritar grein sína um flóðið árið 1955. Hann getur hvorki um breidd flóðsins né þess að tunga hafi farið niður í á.

Í bréfi sem Þorvaldur Jóhannsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, og Sigurður Jónsson, bæjarverkfræðingur á Seyðisfirði, rita umhverfisráðuneytinu 17.04.1996 fara þeir fram á að gildandi hættumat vegna snjóflóða verði endurskoðað. Forsendur þess eru raktar í greinargerð sem fylgir bréfinu og er rituð af Sigurði. Sigurður nefnir skort á heimildum eins og nefnt er hér að ofan. Þá rekur Sigurður þróun byggðar á Seyðisfirði. Í braut þessarar meintu tungu var a.m.k. eitt íbúðarhús og auk þess fáein önnur hús þegar flóðið féll. Engar heimildir eru um tjón á þessum húsum en ekki er útilokað að flóð hafi farið þarna um án þess að tjón hafi orðið. Sigurður nefnir einnig að bærinn byggist þar sem þessi tunga á að hafa fallið á næstu árum eftir flóðið. Það er í öfugt við þá þróun sem varð á íbúðarbyggð milli húsanna Glasgow og Liverpool þar sem mesta tjónið af völdum flóðsins varð. Einnig færir Sigurður landfræðileg rök fyrir því að ekki séu sömu skilyrði fyrir snjósöfnun í hlíðinni fyrir ofan hina umdeildu tungu og víða annars staðar í fjallinu. Sigurður spyr af hverju hafi ekki verið haft samband við nokkra einstaklinga sem hann telur að gætu haft jafn góðar upplýsingar um þetta atriði og Árni Stefánsson.

Haft hefur verið samband við flesta þessa aðila. Í stuttu máli þá segjast þeir ekki hafa heyrt lýsingu á flóðtungu þeirri sem Árni lýsir. Hins vegar höfðu einhverjir heyrt um flóð sem hefði jafnvel farið ofan í Fjarðará, en tunga þess á að hafa verið innar, á móts við Álfhól eða jafnvel enn innar.

Í bréfi sem Magnús M. Magnússon, Veðurstofu Íslands, ritar til ofanflóðanefndar 10.1.1991 koma fram ýmsar og að hluta til misvísandi upplýsingar um umrædda tungu. Fullyrt er af einum viðmælanda Magnúsar að fallið hafi snjóflóð niður í Fjarðará og það hafi verið fyrir 1885. Það ber saman við það sem Hjálmar J. Nílesson hefur heyrt, þ.e.

að tunga hafi farið niður í Fjarðará rétt innan við Elverhøj í krapaflóðahrinunni 13. og 14. janúr 1882. Gunnlaugur Jónasson, sem skrifaði skýrslu um um snjóflóð á Seyðisfirði að tilhlutan bæjarstjórans þar í janúar 1975, telur hættusvæði niður undan Fálkagili á grundvelli frásagna um flóð sem á að hafa fallið á þessu svæði, jafnvel alla leið niður í Fjarðará. Fleiri hafa lýst áhyggjum sínum vegna snjóflóðahættu í Bakkahverfi og virðast kunnugir sögnum af snjóflóðum á svæðinu.

Hvorki virðist vera unnt að komast að óyggjandi niðurstöðu um staðsetningu umræddrar tungu úr stóra flóðinu 1885 né umfangi annarra stórra flóða framan við Fjörð. Draga má eftirfarandi ályktanir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Snjór hljóp úr allri hlið Bjólfs frá Jókugili og út fyrir Liverpool í stóra flóðinu á Seyðisfirði árið 1885. Lögun flóðtungunnar er ekki þekkt framan við Fjörð en líklega hefur hún náð eitthvað niður í núverandi Bakkahverfi. Út frá lögun hliðarinnar þá er líklegast að hún hafi náð hvað lengst rétt innan við við hverfið. Hve langt er ekki vitað en hugsanlegt er að hluti hennar hafi farið ofan í á. Einnig er hugsanlegt að þessar óljósu sagnir eigi við krapaflóð eða önnur snjóflóð en flóðið 1885.

Þrátt fyrir efnislegt misræmi í frásögnum af snjóflóðum á þessu svæði verður að telja mjög líklegt að flóð hafi einhvern tíma á síðustu tveimur öldum fallið niður á jafnsléttu á svæðinu frá Firði að Jókugili. Ekki verður fullyrt með vissu að það hafi farið alla leið niður í Fjarðará, eða hvaða svæði tungan hefur farið yfir. Á korti 1 er tunga flóðsins 1885 dregin um mitt Bakkahverfi til marks um þessar heimildir um flóð á svæðinu. Hin umdeilda tunga niður að Fjarðará skammt innan Fjarðar er einnig sýnd og er hún auðkennd með spurningarmerkjum. Hafa ber í huga að mikil óvissa er um báðar þessar línur, sér í lagi tunguna niður í Fjarðará.

Viðauki D: Kortaskrá

Kort 1. Snjóflóð í Bjólfi fram til 31.7.1900 (A3, 1:7500).

Kort 2. Snjóflóð í Bjólfi 1.8.1900–31.7.1950 (A3, 1:7500).

Kort 3. Snjóflóð í Bjólfi 1.8.1950–31.7.1990 (A3, 1:7500).

Kort 4. Snjóflóð í Bjólfi 1.8.1990–31.7.2001 (A3, 1:7500).

Kort 5. Snjóflóð í Bjólfi fram til 31.7.2001 (A3, 1:7500).

Kort 6. Snjóflóð í Strandartindi fram til 31.7.2001 (A3, 1:7500).

Kort 7. Snjóflóð á Seyðisfirði fram til 31.7.2001 (A3, 1:7500).